X 9. Formaður tjáði að stúlkunni Önnu Jónínu Jensdóttur væri nú komið fyrir hjá Guðjóni Guðmundssyni við Laufásveg fyrir 75 a. um daginn þangað til stúlkan æli barn það, er hún gengur með, en fyrir krónu

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

meðan hún lægi á sæng, auk meðala, læknishjálpar m. m.

Fundi slitið. –

Kristinn Jónsson · Ólafur Ólafsson · Jón Magnússon
Guðmundur Þorkelsson · Davíð Jóhannesson
Arinbj. Sveinbjarnarson · Jón Eyjólfsson
Bjarni Jónsson · Samúel Ólafsson · Jón Tómasson

Ár 1905 fimtudaginn 9. ~~febrúar~~ marz mán. átti fátækranefndin fund með sjer, og voru þá þessi mál fyrir tekin. –

1° Tilkynnt, að Antonía Ólína Óladóttir hafi fengið fátækrastyrk í Kirkjusókn um mánaðamótin jan.-febr. síðastl., þar sem barn hennar hafi verið lagt á spítala uppá kostnað fátækrasjóðs. – 10/3.05. skr. bæjarfg. "ekki endurkræft"!

2° Tilkynntur reikningur frá fátækrastjórn Kirkjusóknar fyrir úr framfæri og heimflutning Guðríðar Einarsdóttur, að upphæð kr. 357,32 aur.

3. Frestað að gjöra úrskurð um beiðni Kristínar Sigvaldadóttur um meðlagsstyrk með börnum sínum og Jóns Antonssonar, og Samúel Ólafssyni falið að tala við Kristínu, og rannsaka málið. –

4. Bjarni Jónsson frá Víðiskoti á Vatnsnesi sækir um bæjarleyfi. Leyfið veitt frá næstu krossmessu. – Tilk. 10/3.05 skr. bæjarfg. 10/3.05.

5. Guðmundur Sigurðsson frá Hrauki á Álftanesi sækir um bæjarleyfi. Nefndin vill fá upplýsingar frá hreppsnefnd Bessastaðahrepps um það, hvort hann standi þar í þrotaskuld, áður en beiðninni verður svarað. – + skr. Guðm. 10/3.05.

6. Guðmundur Guðmundsson í Vorhúsum sækir um bæjarleyfi: Leyfið veitt frá næstkomandi krossmessu. – Tilk. 10/3'05. skr. bæjarfg. 10/3.05.

7. Beiðni Björns Hanssonar um húsaleigustyrk ekki sinnt, en fátækranefndin fól formanni sínum að veita honum nauðsynlegan styrk eptir því, sem ástæður hans útheimta. –

Fundi slitið.

Kristinn Jónsson · Ólafur Ólafsson · Hannes Hafliðason
Samúel Ólafsson · Bjarni Jónsson · Jón Tómasson
Davíð Jóhannesson · Ólafur Pjetursson · Jón Eyjólfsson

Ár 1905 fimmtudaginn 23. marz átti fátækranefndin fund með sjer, og voru þá þessi mál tekin fyrir:

1° Drengnum Jóni Ragnari Þorsteinssyni (sbr. fund

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

23. f. m. tölul. 3) er samþykt styrkur Davíðs Jóhannessonar flutt frá hjá Jóni Jónssyni í Mosfelli, er flytur að Helgadal í Mosfellssveit á næsta vori — frá 14. maí 1905 gegn 60 kr. árs meðgjöf 24/3. Tilk. bæjarfógeta. – s. d. – bæjargjaldkera.

X 2º Davíð Jóhannessyni falið að reyna að útvega ómaganum Guðrúnu Friðriksdóttur í Helgadal, samastað frá næstu krossmessu eða fardögum, með sem bestum kjörum fyrir fátækrasjóð

X 3º Þórður Sigmundsson frá Brekku á Kjalarnesi sækir um bæjarleyfi frá næstu krossmessu. — Leyfið veitt. Tilk. Þórði 24/3. 05. – s. d. tilk. bæjarfóg.

X 4º Samþykt að veita sveitarlimnum Kristínu Ingvarsdóttur, konu Jóns Antonssonar (sbr. fund 9 þ.m. tölul. 3) 7 kr. styrk á mánuði frá 1. apríl næstkomandi að reikna. + Tilk. Kristínu 24/3. 05. – bæjargjaldkera 24/3. 05.

X 5º Sigríður Þórólfsdóttir í Litlakoti sækir um húsaleigustyrk. — Málinu frestað og Bjarna Jónssyni fátækrafulltrúa falið að leita upplýsinga

X 6. Þórhallur Þórhallsson á Laugaveg 42 fer fram á að fá úr fátækrasjóði styrk til fata handa barninu Ragnhildi Guðrúnu Hjálmarsdóttur, sem hjá honum er, svo og einnig að meðlagið verði hækkað upp í 250 kr. á ári, úr 208 kr. — Fátækranefndin sá sér eigi (aðra) fært að sinna beiðni þessari að öðru leyti en því, að hækka meðlagsstyrkinn upp í 240 kr. á ári eður 20 kr. á mánuði frá 1. apríl þ.á. að reikna

Tilk. Þórhalli 24/3. 05. Tilk. bæjargjaldkera 24/3. 05.

X 7. Guðbjörg Sigmundsdóttir ráðskona (Guðl.) Samsonar Sigmundssonar, Klapparstíg 22, fer fram á að fá styrk úr fátækrasjóði vegna veikinda. — Samþykt að veita Guðbjörgu 8 kr. veikindastyrk í eitt skipti fyrir öll

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

X 8. Formanni nefndarinnar veitt heimild til að veita Haraldi Helgasyni frá Hólmum í Reyðarfirði, sem hjer dvelur fjeþurfi og vegalaus, en sendur verður austur með „Ceres" 26. þ.m., nauðsynlegan styrk úr fátækrasjóði gegn endurgjaldi frá ~~fátækra~~ framfærslusveit hans.

X 9. Samþykkt að láta Jón Theódór Jósepsson enn dvelja 1 mánuð hjá Einari Sigurðssyni gegn 50 kr mánaðarstyrki, auk húsaleigustyrks.

X 10. Formaður gat þess að Þorsteinn Sigurðsson Símonar-sonar, geðveikisjúklingur, hafi flutst í land úr Engey fyrir c. 3 vikum síðan og hafi síðan dvalið hjá systur sinni, að nokkru leyti undir umsjón fátækrafulltrúanna. – Samþykkt að greiða óumflýjanlegan kostnað við þessa dvöl Þorsteins hjá systur sinni, en jafnframt var Þórði Narfasyni og Ólafi Péturssyni falið að reyna að koma Þorsteini fyrir sem háseta á þilskip, svo fljótt sem tök eru á.

Tilk. bæjargjaldkera 24/3. 06.

X 11. Ákveðið að taka elzta dreng Guðríðar Einarsdóttur (Þorvarðssonar prentara) burtu frá móður sinni og útvega honum góðan samastað, hið fyrsta gegn venjulegu ómagameðlagi ÷ Mánaðarmeðlag Guðríðar helzt þó óbreytt. –

X 12. Út af málaleitun frá Helga Teitssyni hafnsögumanni um hækkun á meðlagsstyrk með ómaganum Guðmundi Erlendssyni, var samþykkt að veita formanni nefndarinnar heimild

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

til að hækka meðlagið um allt að 90 kr. á ári frá 1. apríl þ.á. – En jafnframt var þeim Þórði Narfasyni og Ólafi Péturssyni falið að reyna að ná sem beztum samningum við Helga að því er meðlagið með Guðmundi snertir.

Fundi slitið

Kristján Jónsson Samúel Ólafsson Sighvatur Bjarnason
Bjarni Jónsson Davíð Jóhannesson Jón Eyjólfsson
Arinbjörn Sveinbjarnarson
Þórður Narfason Ólafur Ólafsson

Ár 1905 hinn 13. apríl átti fátækranefndin fund með sjer og voru þá þessi málefni tekin fyrir.

X 1º Lagður fram reikningur frá Rannveigu Sigurðardóttur yfir kostnað við viðurhald á bróður hennar, Þorsteini Sigurðssyni, geðveikum manni, í síðastl. marzmánuði, að upphæð 30 kr. – Fátækranefndin sá sjer ekki fært að greiða Rannveigu meir en 15 kr af reikningsupphæð þessari.

X 2º Björn Stefánsson á Hvoli fer fram á að fá 5 kr. uppbót á árs meðlagi með Pjetri Gunnarssyni frá árinu 1904 (sbr. ómagalista það ár og fund 10. mar. þ.á. tölul. 3). Samþykkt að greiða þessar 5 kr.

X 3º Guðjón Jónsson á Laugavegi fer fram á að fátækrasjóður greiði áfallna ????? frá sig til Jóns Helgasonar, kr. 37.50. Nefndin sá sjer ekki fært að greiða neitt af þeðri

húsaleiguskuld, en fól jafnframt fátækrafulltrúa Samúel Ólafssyni að rannsaka allan hag Guðjóns og ástæður. -

X 4° Magnús Pálsson, fyrrum mánuni, fer fram á að fá aukinn meðlagsstyrk sinn, þannig að fá-tækrastyrkur hans verði alls ákveðinn 20 kr. á mánuði. - Málaleitun þessari var með öllu synjað. -

X 5° Utaf erindi Jóns Árnasonar frá Garðsenda var ákveðið að greiða honum húsaleigu frá 1. desbr. 1903 – 14. maí 1904 fyrir Kristínu Guðmundsdóttur, að upphæð 16 kr. 50 au. (sbr. fund 23. desbr. 1903 tölul. 7).

Tilk. bæjarfóg. 13/4. 05.

X 6° Formaður gat þess, að Einar Sigurðsson hefði lofað að halda Jón Theódór Jörgensson næsta mánuð - maí - fyrir 40 kr., auk venjulegrar húsaleigu.

X 7° Formaður skýrði frá, að Guðlaug Guðmundsdóttir, tengdamóðir Jóns Pjeturs Jónathanssonar, sveitlæg í Kjalarnesshreppi, hefði verið komið fyrir hjá Magnúsi Pálssyni á Laufásveg fyrir 75 aura meðlag á dag, frá 24. marz þ. á.

X 8° Formaður gat þess, að útvegað hefði verið Guðjóni Jónssyni, úrsmið frá Sandgerði, spítalavist vegna viðvíkjandi, fyrir reikning fátækrasjóðs. -

X 9° Sigríði Þórólfsdóttur veittur húsaleigustyrkur, 2 kr. á mánuði, frá 1. þ. m. að telja (sbr. fund 23. f. m. tölul. 5).

15/4. 05. Tilkynnt bæjargjaldkera.
s. d. Samúel Sigurði Þór.

X 10° Guðmundur Þorbjörnsson á Hóteig á Akranesi sækir

15/4. Tilk. Guðm. Þorbj.
-„- Tilk. bæjarfógeta.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

um byggingarleyfi frá næstkomandi krossmessu.—
Leyfið ~~oct~~ veitt.—

X 11° Magnús Magnússon frá Litlalandi í Ölvesi, nú í Hafnarfirði, sækir um byggingarleyfi frá næstu krossmessu.—
Leyfið veitt. 15/4.05. Tilk. Magnúsi Magnúss. s. d. Tilk. bæjarfógeta.

X 12° Jón Eyjólfsson steinsmiður sækir um byggingarleyfi fyrir Ísleif Sölfa Guðmundsson á Ívarshúsum í Garði frá næsta vori.— Beiðninni frestað til að útvega upplýsingar um alla hagi Ísleifs, ástæður foreldra hans o. s. frv.— 15/4.05. Tilk: Jóni Eyjólfssyni.

X 13. Tómas Guðmundsson frá Einifelli í Stafholtstungum sækir um byggingarleyfi frá næsta vori.— Beiðninni synjað með því annmarkar þykja á umsækjanda.— 15/4.05. Tilk. Tómasi Guðmundss.

Fundi slitið.

Sturla Jónsson Sighvatur Bjarnason Ólafur Ólafsson
Jón Eyjólfsson Samúel Ólafsson Bjarni Jónsson
Ólafur Pétursson

Ár 1905 fimmtudaginn hinn 27. apríl átti fátækranefndin fund með sér.— Voru þessi mál fyrir tekin.

X. 1° Gísli Halldórsson í Holti á Kjalarnesi sækir um byggingarleyfi.— Leyfið veitt frá næstu krossmessu að telja. 28/4.05. Tilkynnt Gísla Halldórssyni. s. d. Tilk: bæjarfógeta.

X. 2° Bjarni Guðmundsson úr Holtamannahreppi nú í Reykjavík sækir um byggingarleyfi frá næstu krossmessu.— Beiðninni frestað, var Hannesi Hafliðasyni falin-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fulltrúa falið að leita upplýsinga um hagi beiðanda.

X 3° Guðmundi Sigurðssyni frá Árbæjarkoti á Álftanesi veitt bygglevfi frá næstu krossmessu (sbr. fund 9. maí þ. á. tölul. 5). 28/4. tilk. Guðm. Sigurðssyni. s. d. tilk. bæjarfógeta.

X 4° Árni Sæmundsson í Grettisgötu sækir um byggjarleyfi fyrir Sigurð Jónsson á Pjetursey í Mýrdal. – Beiðninni frestað til að leita frekari upplýsinga. Skr. Árna Sæm.: 28/4. 05.

X 5° Guðmundur Magnússon í Lindargötu sækir um byggjarleyfi fyrir Guðmund Guðmundsson frá Elliðakoti. – Beiðninni frestað til að leita frekari upplýsinga. Skr. Guðm. M. 28/4. 05.

Fundi slitið.

Kristján Jónsson. Jón Magnússon. Sighvatur Bjarnason
Hannes Hafliðason Ólafur Ólafsson
Ásmbj. Sveinbjarnarson. David Jóhannesson Jón Eyjólfsson
Samúel Ólafsson

Ár 1905 hinn 11. maí var fundur haldinn í fátækranefndinni á venjulegum stað og tíma. Voru þessi málefni tekin fyrir.

X 1° Lögð fram beiðni frá Pjetri Hafliðasyni beyki um 100 kr. styrk úr fátækrasjóði sakir atvinnumissis og heilsuleysis. – Nefndin sá sjer ekki fært að taka beiðnina til greina, en formanni nefndarinnar falið að veita Pjetri þann styrk, sem er óumflýjanlega nauðsynlegur. – 12/5. 05. tilk. Pjetri Hafliðas.

X 2° Þórður Stefánsson, Laugaveg 52 sækir um 10 kr. styrk til ferðar austur á Seyðisfjörð, er en þar hjeraðs hann

eigi veitt athvarf hjá dóttursyni sínum, Fredr. Holm, fátækrasjóði að kostnaðarlausu. – Samþykkt að veita hinar umbeðnu 10 kr. 12/5. 05. Tilk. Þórð. Stef. – 17/5. ávísað.

X 3° S. Lárus Benediktsson leitar aðstoðar fátækranefndarinnar til þess, að Árna Árnasyni þurfamanni bæjarins, haldist ekki uppi að rifta húsaleigusamningi, er hann hafi gjört við sig um leigu á húsinu við Skólavörðustíg N 33. – Málinu frestað og var Samúel Ólafssyni falið að leita upplýsinga um málavexti og tala við Árna

X 4° Sigríður Ólafsdóttir, ekkja Einars Eyjólfssonar (sk.) í Grettisgötu N 27 sækir um sem rífastan styrk úr fátækrasjóði. – Samþykkt að veita ekkjunni 9 kr. styrk á mánuði hverjum, frá 1. þ.m. að telja, auk áðurveitts húsaleigustyrks + 12/5. Tilkynn. Sigríði Ólafsd.
+ s.d. – – Bæjargjaldkera. –

X 5° Dómkirkjupresturinn Jóh. Þorkelsson sækir fyrir hönd Jóhannesar Guðjónssonar í Vesturgötu 46 um leyfi til að giftast ráðskonu sinni Guðríði Þórðardóttur. – Formanni veitt heimild til, ~~að~~ eftir frekari rannsókn á málavöxtum, að samþykkja giftingu Jóhannesar fyrir nefndarinnar hönd. – 12/5. Skr. dómkirkjupr. útk. um þessar upplýsingar.

X 6° Bæjarfógetinn í Reykjavík skýrir frá, að tilraun til að innheimta meðlag hjá barnsföður Guðríðar Einarsdóttur, Adolph Henr. Carlsson í Khöfn, hafi orðið árangurslaus, með því að tjeður Carlsson hafi eigi fundist. –

X 7° Samþykkt að veita tjeðri Guðríði Einarsdóttur (tölul. 6) 10 kr. styrk úr fátækrasjóði á eitt skipti fyrir öll, auk styrks þess sem hún nýtur á mánuði hverjum. – 12/5. 05. Tilkynnt Guðr. Einarsd.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

X 8º Guðmundi ~~Eiðmundssyni~~ Árnasyni frá Ártúnshúsum í Garði, föður Ísleifs þess er um bæjarleyfi sótti á fundi 13. f. m. (tölul. 12) veitt bæjarleyfi frá næstu krossmessu. — 12/5. Tilk. Guðm. Árnas. s.d. -„- bæjarfógeta.

X 9º Bjarna Guðmundssyni úr Holtamannahreppi (sbr. fund 27. f. m. tölul. 2) veitt bæjarleyfi frá næstu krossmessu 12/5. 05. Tilkynnt Bjarna. s.d. -„- bæjarfógetanum

X 10º Aðalsteinn Jónsson á Laugaveg 24 B sækir um bæjarleyfi. — Beiðninni frestað og var Samúel Ólafssyni falið að ~~leita~~ leita upplýsinga um hagi Aðalsteins. —

X 11º Davíð Jóhannesson fátækrafulltrúi kvaðst eigi hafa getað útvegað ómaganum Guðrúnu Eiríksdóttur (sbr. fund 23. maí þ.á. tölul. 2) samastað með sanngjörnum kjörum. — Var Ólafi Ólafssyni bæjarfulltrúa nú falið að ráðstafa Guðrúnu, og tókst hann það á hendur. —

X 12º Samþykkt að fela Ólafi Ólafssyni að láta framkvæma nauðsynlega aðgjörð á Blöndalshúsi.

Fundi slitið

Kristján Jónsson. Sighvatur Bjarnason Jón Magnússon
Hannes Hafliðason Ólafur Ólafsson Guðmundur Þorkelsson
Samúel Ólafsson Jón Eyjólfsson Davíð Jóhannesson

Ár 1905 hinn 25. maí átti fátækranefndin fund með sjer. — Voru þá þessi málefni tekin til meðferðar.

X 1º Formanni falið að gjöra nýjan samning við Einar

í Oddakoti um meðgjöf með ómaganum Hjalta Friðrikssyni (sbr. fund 10. nóvbr. f.á. tölul. 13), sem nú er talinn að vera kominn til heilsu. – Fátækrafulltrúanum lofaða að gjöra formanni aðvart þegar [illegible] kemur hingað til bæjarins. 9/6. 05. Skr. bæjargjaldk.; meðlag borgist ekki nema 100 kr. um árið. –

X 2º Drengnum Einari Carlssyni, 2 ára, syni Guðríðar Einarsdóttur (Þórðarsonar prentara) komið fyrir hjá ekkjunni Hólmfríði Magnúsdóttur með 80 kr. ársmeðgjöf frá 22. þ.m. að reikna. – Skr. Hólmfríði Magnúsdóttur 25/5.'05. 25/5.'05. Tilk. bæjargjaldkera.

X 3º Samþykkt að útvega hinum 2 börnum Guðríðar góðan samastað hið allra fyrsta.

X 4º Jóni Theódór Jörgenssyni komið fyrir áfram hjá Einari Sigurðssyni, fyrst um sinn frá júní mánuð næstkomandi, gegn 35 króna meðgjöf, og er þar talin húsaleiga.

X 5º Haraldur S. H. Jónsson beiðist hækkunar á meðlagi með Jórunni Bjarnadóttur. – Eigi þótti tiltök að veita Haraldi neina viðbót við meðgjöfina þessi næstu mánuði, en jafnframt var Jóni Eyjólfssyni fátækrafulltrúa falið að athuga málið til næsta fundar, þar á meðal tala við Þórð Bergsveinsson, son Jórunnar, um að aðstoða móður sína.

X 6º Samþykkt að útvega óskilgetnu barni Guðrúnar Magnúsdóttur, sem er sveitlæg í Vatnsleysustrandarhreppi, samastað frá 14. júní næstk., með venjulegu ómagameðlagi, gegn endurgjaldi frá réttum hlutaðeigendum. Var Jóni Eyjólfssyni falið að ráðstafa [illegible] barni þangað til það getur orðið flutt á sveit sína. + Skr. bæjarfógeta þegar áður ítrekað hinn 17/5.'05. – + Skr. bæjarfógeta aftur 26/5.'05.

X 7º Guðlaugur Ásmundarson kveðst eigi lengur geta

+ 26/5.05. Skr. bæjarfóg. ítrekað. „að krefja Vatnsleysustrandarhr.“

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

málefið drengsins Kristmund Jónsson, 9 ára að aldri, er sérstaklega sé í Vatnsleysustrandarhreppi. - Ákveðið að skrifa hreppsnefndinni í Gerða hreppi um málið.-

✗ 8º Lagt fram erindi frá Jarðþrúði Bjarnadóttur í Skólastræti 5 þar sem hún tjáist hafa það á form, að taka að sér ungbörn (6–14 ára) til uppfósturs og kenslu og beiðist hún aðstoðar í þessu efni. - Fátækranefndin sá sér eigi fært að taka að svo komnu 26/5. Erindið sent bæjarfógeta. neina ákvörðun í þessu efni.-

✗ 9º Útaf erindi Sveins Lárusar Benediktssonar (sbr. fund 11. þ.m. tölul. 3) var ályktað að svara sjera Lárusi því, að eftir málavöxtum sæi fátækranefndin sjer eigi fært að sinna erindi þessu frekar.- 26/5. 05. Skr. Lárusi Ben.

✗ 10º Guðmundi Guðmundssyni frá Elliðakoti veitt bæjarleyfi frá þessum tíma (sbr. fund 27. f.m. tölul. 5).- 26/5. 06. tilk. Guðm. Guðm. s. d. -- bæjarfógeta.

✗ 11º Jón Jóhannsson sækir um bæjarleyfi frá þessum tíma. - Beiðninni frestað og Samúel Ólafssyni falið að leita frekari upplýsinga.

✗ 12º Aðalsteini Jónssyni á Laugaveg 24 B veitt bæjarleyfi frá þessum tíma (sbr. fund 11. þ.m. tölul. 10). 26/5. Tilk. Aðalst. Jónss. s. d. bæjarfógeta.-

✗ 13º Útaf málaleitun frá Sigríði Einarsdóttur í húsi Jóns Illugasonar um aukinn styrk úr fátækrasjóði var Davíð Jóhannessyni fátækrafulltrúa falið að leita frekari upplýsinga til næsta fundar. - Jafnframt var formanni falið að veita Sigríði óumflýjanlega nauðsynlegan bráðabirgða-viðbótarstyrk.-

Fundi

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

slitið.
Kristján Jónsson. Sighvatur Bjarnason Ólafur Ólafsson
Jón Eyjólfsson Samúel Ólafsson Davíð Jóhannesson
Jón Tómasson

Ár 1905, fimmtudaginn 8. júní átti fátækranefndin fund með sjer. Voru þá þessi málefni tekin til meðferðar.

X 1°. Formaður skýrði frá að hann eptir að hafa fengið fullan [illegible] hafi samþykkt giptingu Jóhannesar Guðjónssonar (sbr. fund 11. f.m. tölul. 5) 9/6.05. Leyft og tilkynnt dómkirkjuprestinum[?].

X 2°. Útaf erindi Jónatans Jónatanssonar [illegible] í Hlíðarhúsum var samþykkt að hann fengi á leigu kartöflugarð sem fátækrasjóður á hjá Móbergi[?] við Bræðraborgarstíg fyrir 3 kr. leigu fyrir yfirstandandi sumar.

9/6.05. Tilk. Jónasi Jónss.
9/6.05. Tilkynnt bæjargjaldkera.

X 3°. Lagður fram tilboð frá forstöðukonu St. Jósefs-spítalans í Landakoti um að spítalinn [illegible] fyrst um sinn að taka á móti sjúklingum sem eru á ~~framfæra~~ framfæri fátækrasjóðs og spítalavistar fengju fyrir 1 kr. meðgjöf á dag, nema þeir sem á sjúkraherbergjum[?] verða, þar er meðgjöfin 1 kr. 50 a. á dag. — Fátækranefndin samþykkti að taka tilboði þessu. 9/6.05. Tilk. príorissunni.

X 4°. Drenginn Ferdinand Hermann Carlsen, syni Guðríðar Einarsdóttur, 5 ára að aldri komið fyrir hjá Þórði Sigmundssyni prentara í Skólastræti № 3 gegn 80 kr. árs meðlagi frá 29. f.m. að reikna. 9/6.05. Tilk. bæjargjaldkera.

X 5°. Önnu Margrjeti Sigríði á 1sta ári, systur drengsins undir tölul. 4, komið fyrir hjá Jóni Jónssyni í Einarsstöðum[?] á Grímsstaðaholti gegn sama meðlagi (kr. 6,67 á mánuði) frá 9. þ.m. að reikna. — 9/6.'05. Tilk. bæjargjaldkera.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

X 6° Stúlkunni Guðrúnu Friðriksdóttur, síðast í Helgadal, komið fyrir í dvöl hjá Magnúsi Páli, bónda Ólafssyni á Hraðastöðum gegn 80 kr. ársmeðlagi frá 4. þ.m. að reikna. 9/6. 05. Tilk. bæjargjaldkera. –

X 7° Formaður skýrði frá að konan Þórdís Benónísdóttir, kona Jóns Jónssonar frá (Einarsstöðum á Grímsstaðaholti) í Ánanaustum, hefði leitað aðstoðar sinnar eða fátækranefndar til að fá aukið meðlag með gamalmenninu Guðrúnu Jónsdóttur, móður Guðmundar Þorkelssonar trjesmiðs í Nýlendugötu. Fátækrafulltrúunum ~~Jóni Tómassyni~~ ~~og~~ Ólafi Pjeturssyni og Guðmundi Þorkelssyni falið að leggja að Guðmundi með skilvísa greiðslu á fullu meðlagi með móður sinni.

X 8° – Sigurði Jónssyni frá Pjetursey í Mýrdal veitt bæjarleyfi frá þessum tíma (sbr. fund 27. apríl þ.á. tölul. 4) 9/6. 05. – Sm. Sig. Jónssyni. s. d. – Tilk. bæjarfógeta.

X 9° – Kristján Bjarnason bátasmiður í Lindargötu N:1 sækir um bæjarleyfi frá þessum tíma. – Beiðninni frestað og Bjarna Jónssyni fátækrafulltrúa falið að rannsaka ástæður og allan hag Kristjáns.

X 10° – Þorvaldur Karlsson í Mýrargötu sækir um bæjarleyfi. – Beiðninni frestað og Samúel Ólafssyni falið að leita frekari upplýsinga um hagi beiðanda.

11° Fundi slitið.

Kristján Jónsson Jón Magnússon Sighvatur Bjarnason
Ólafur Ólafsson
Guðmundur Þorkelsson Jón Tómasson Bjarni Jónsson
Samúel Ólafsson Jón Eyjólfsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1905 hinn 22. júní átti fátækranefndin fund með sjer á venjulegum stað og tíma. — Voru þá þessi málefni tekin til meðferðar.

X 1° Samþykktur reikningur frá Hólmfr. Magnúsdóttur, að upphæð 14 krón, fyrir föt handa drengnum Einari Carlssyni (sbr. fund 25. f. m. tölul. 2)

X 2° Sömuleiðis var samþykkt að veita Jóni Jónssyni á Einarsstöðum (sbr. fund 8. þ. m. tölul. 5) 6 krónur
26/6. ávísað
í eitt skipti fyrir öll til fatakaupa handa ~~tel~~ barninu Önnu Margrjeti Sigurði, eptir drengnum undir tölul. 1.

X 3° Formaður fátækranefndarinnar skýrði frá, að kona Magnúsar Pálssonar væri farin til Vesturheims. — Jafnframt var Ólafi Pjeturssyni falið að tala við Magnús um dvalarstað handa honum eptirleiðis.

X 4. Gamalmenninu Jóhönnu Guðmundsdóttur (Nr. 1 á ómagaskránni) hefur verið komið fyrir hjá Sveinbirni Jakobssyni á Frammnesveg frá 14. f. m. að reikna. Nú krefst Sveinbjörn, í bréfi 8. þ. m., að meðlagið með Jóhönnu verði hækkað upp í 70 aura á dag. — Ólafi Ólafssyni og Guðm. Þorkelssyni falið að leita samninga við Sveinbjörn og, ef á þarf að halda, útvega Jóhönnu vissan, ódýrari samastað. —

X 5° Útaf erindi frá Jósep Oddssyni í Keflavík var
5 kr. greitt 23/6. 05.
formanni fátækranefndarinnar heimilað að greiða Jósep þessum 10 krón. úr fátækrasjóði sem meðlag með dóttur hans Jósefínu, sem nú er fermd orðin.

X 6° Jóni Theodór Jósepssyni komið fyrir áfram hjá Einari Sigurðssyni gegn 30 krón. mánaðarmeðgjöf fyrst um sinn frá 1. júlí þ. á. að reikna.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

X 7° Ólafur Pjetursson og Guðmundur Þorkelsson skýrðu frá, að Guðmundur snikkari Þorsteinsson (sbr. fund 8. þ. m. tölul. 7) hefði greitt áfallið meðlag með móður sinni Guðrúnu Jónsdóttur og lofað að greiða meðlagið, 12 kr. á mánuði, skilvíslega eptirleiðis.

X 8° Jón Eyjólfsson skýrði frá að honum hefði tekist barnið Guðrúnar Magnúsdóttur (sbr. fund 25. f. m. tölul. 6) fyrir hjá Sveinbirni Jónssyni á Skólavörðustíg frá 14. þ. m. að reikna gegn 2 kr 50 aur. um vikuna.
Tilk. bæjarfgj. 23/6.05.

X 9° Útaf málaleitun frá Jörgen Jónssyni á Suður-Klöpp var þeim Ólafi Ólafssyni og Jóni Eyjólfssyni falið að reyna að útvega Jörgen dreng til að gæta hesta hans. —

X 10° Sigmundur Eiríksson reglubróðir á Eyrarbakka sækir um bæjarleyfi. — Leyfið veitt frá þessum tíma.
Skr. bæjarfgj. 23/6.05. s. d. tilk. Sig. E.

X 11° Kjartan Ólafsson í Hverfisgötu 37 sækir um bæjarleyfi frá þessum tíma. — Leyfið veitt
Skr. bæjarfgj. 23/6.05. s. d. tilk. Kj. Ól.

X 12° Pjetur Þórðarson, fyrv. lögregluþjónn, sækir um bæjarleyfi frá 1. okt. næstk. fyrir ekkjuna Sigríði Þórðardóttur á Skarðskoti í Leirársveit. — Leyfið var veitt. —
Skr. bæjarfgj. 23/6.05. s. d. Tilk. Sigríði.

X 13° Kristjáni Bjarnasyni bátasmið í Lindargötu Nr 1 (sbr. fund 8. þ. m. tölul. 1) veitt bæjarleyfi frá þessum tíma. —
Skr. bæjarfgj. 23/6.05. Tilk: Kr. Bj. 23/6.

Fundi slitið.

Kristján Jónsson. Sighvatur Bjarnason Ólafur Ólafsson
Guðmundur Þorkelsson Jón Tómasson
Árinbj. Sveinbjarnarson. Bjarni Jónsson Jón Eyjólfsson
Ólafur Pjetursson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1905 hinn 13. júlí átti fátækra-
nefndin fund með sjer á venjulegum stað og tíma.
Voru þá þessi málefni tekin til meðferðar.

X 1o – Formaður skýrði frá ástandi geðveiklingsins Jóns
Theódórs Jörgensonar og hvatti fátækrafulltrúana
til að hafa augastað á góðum samastað handa
Jóni eptirleiðis.

X 2o – Formaður gat þess getið, að þurfalingurinn Þóra
Brynjúlfsdóttir hefði andast í byrjun yfirstand-
andi mánaðar. † tilk. bæjargjaldkera 15/7.

X 3o – Stefán Jónsson í Ráðagerði við Framnesveg fer
(tilk. bæjargjaldkera 15/7.05) fram á að meðlag með tengdamóður (Guðrúnu Ófeigsdóttur) sinni verði
hækkað úr 5 kr. mánaðarlega uppí 10 kr. á mánuði –
Fátækranefndin samþykkti að hækka meðlagið
uppí 8 krón. á mánuði frá 1. þ. m. að reikna.

X 4o Drengnum Kristmundi Jónssyni, sem álitst vera
(tilk. bæjargjaldkera 15/7.05 — tilk. bæjarfógeta s. d.) ómaga Vatnsleysustrandarhrepps komið fyrir
hjá Pjetri Þórðarsyni við Klapparstíg, pr.
[illegible], gegn – 80 – kr. ársmeðlagi frá 4.
þ. m. að reikna (sbr. fund 25. maí þ. á. tölul. 6.).

X 5o – Jórunni Bjarnadóttur, Bergvinsekkju(?), komið
fyrir hjá Sigurði Eiríkssyni, gegn 10 króna mán-
aðarmeðlagi ~~frá~~ frá 1. þ. m. að reikna. 15/7.05. tilk. bæjargjaldkera.

X 6o – Samþykktur reikningur, að upphæð 16 kr., frá
Guðm. skraddara Sigurðssyni fyrir föt ~~fyrir~~ handa
ómaganum Jóni Sigurðssyni.

X 7o – Samþykktur reikningur frá Einari Jónssyni, að
upphæð 9 krón., fyrir húsaleigu fyrir Guðríði Ein-
arsdóttur.

X 8o – Samþykkt að greiða til bráðabirgða úr fátækra-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sjóði 1 kr á dag í laun handa Kvenmanni, er fengin hefur verið til að aðstoða ekkjuna Ólafs Björnssonar á Kirkjubóli, og heimili hennar í veikindum ekkjunnar.

\# 9° Þorgerður Jónsdóttir á Kolbeinsh. í Holtum sækir um bæjarleyfi frá næstk. hausti. Leyfið veitt + Tilk. 15/7.05. + Skr. bæjarfógt. 15/7-05.

\# 10° Ólafur Ólafsson í Hverfisgötu 36 sækir um bæjarleyfi frá 14 maí síðastl. að reikna. – Leyfið veitt. + Tilk. 15/7-05. + Skr. bæjarfógt. 15/7 -05.

11°

Fundi slitið

Kristinn Jónsson. Samúel Ólafsson Sighvatur Bjarnason

Jón Eyjólfsson Davíð Jóhannesson Ólafur Ólafsson

Jón Tómasson Hannes Hafliðason

Ár 27. júlí átti fátækranefndin fund með sjer á venjulegum stað og tíma. Vóru þá tekin fyrir þessi mál.

\# 1° Drengurinn Jón Ragnar Þorsteinsson, sem komið hafði

28/7. Tilk. bæjarfógt. s.d. ... bæjargjaldkera

verið fyrir í Helgadal, undi þar ekki og strauk þaðan. Nú hefir móðir hans komið honum fyrir í Gutormshaga, fátækrasjóði kostnaðarlaust. Nefndin vill láta við svo búið standa.

\# 2° Drengurinn Þórður Jónsson, sonur Jóns Magnússonar (múrara) og Guðlaugar Þórðardóttur, sem hefir verið í 2½ ár á sveitarframfæri hjá Oddi Einarssyni í Kálfakoti, strauk þaðan 24. þ.m. Nefndin ákvað, að senda skyldi drenginn aptur upp að Kálfakoti, til veru að minnsta kosti fyrst um sinn.

28/7. skr. bæjargjaldkera "meðlagsgreiðsla hætti fyrst um sinn."

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

X 3° Heimilað formanni að greiða allt að 20 kr. til að koma konu Hafliða Bjarnasonar prentara og börnum hans til Kaupmannahafnar.

X 4° Viðurkennd sveitfesti Hafliða Magnúsar Jónssonar, er hafði orðið þurfandi styrks í Kaupmannahöfn. 28/7. tilkynnt Kbh. Magistrat.

X 5° Halldór Jónsson frá Tjaldargarði (nú í Klampenborg) sækir um hækkun á meðlagi. – Ákveðið að fresta beiðninni og í því skyni að leita samninga við tengdason Halldórs, Ágúst Benediktsson verzlunarmann, um styrk handa Halldóri. – 28/7. '05. – Skr. Ágúst Benediktssyni. –

X 6° Drengnum Jóni Sigurðssyni (Bjarnasonar) er var hjá Sigurði Eiríkssyni ákveðið fóstur hjá Jóseph Jónssyni á Suður-Klöpp gegn 7 kr. mánaðarmeðlagi frá 1. júlí þ.á. – fyrst um sinn. 28/7. Tilk. bæjargjaldkera. –

X 7° Samþykkt að meðgjöf með Jóhönnu Guðmundsdóttur (sbr. fund 22. f.m. tölul. 4) eigi fyrst um sinn 70 aur. á dag frá 14. maí þ.á. að reikna. Jóhanna dvelur áfram hjá Snæbirni Jakobssyni.
28/7.05. Skr. bæjargjaldkera.

X 8° Guðlaugur Hinriksson í Njálsgötu 54 sækir um bæjarlepsi. – Beiðni frestað til frekari rannsóknar, er Bjarna Jónssyni fátækrafulltrúa var falin.

Fundi slitið

Kl. Jónsson  Sighvatur Bjarnason  Ólafur Ólafsson
Hannes Hafliðason  Guðmundur Þorkelsson  Jón Eyjólfsson
Bjarni Jónsson  Þórður Narfason  Samúel Ólafsson

Ár 1905 hinn 10. ágúst átti fátækranefndin fund með sér og voru þessi málefni tekin fyrir:

X 1° Lagt fram bréf bæjarfógetans í Reykjavík um endurgjald á fátækrastyrk, 30 krónum, + stúlkan Alína Antonía

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Óladóttir hefur fengið í Klöpp (sbr. fund 9. maí þ.á. tölul. 1) handa veika barni hennar, Huldu. — Ákveðið að greiða nefndum 30 kr. úr fátækrasjóði.

H 2° Útaf beiðni frá Sigurði Eiríkssyni, gamla, var samþykkt að hækka (niðlag) þurfamannastyrk þann, er hann hefur úr fátækrasjóði um 5 kr. á mánuði fyrst um sinn frá 1. þ.m. og til næstu áraloka að reikna — 11/8.05. Tilkynnt Sig. Eiríkssyni / 11/8.... Sömul.: bæjargjaldkera.

X 3° Sigríður Þórðardóttir, Skólavörðustíg 17 kveðst eigi geta komist af án frekari fátækrastyrks (sbr. fund 13. apríl þ.á. tölul. 9). — Málinu frestað og Samúel Ólafssyni falið að rannsaka hag hennar.

X 4° Ágúst Benediktsson tilkynnir að hann ætli eigi að taka tengdaföður sinn, þurfamanninn Halldór Jónsson frá Fjelagsgarði, að sér með öllu frá næsta vori að reikna, en ætlist samt til að hann til þess tíma haldi fátækrastyrk þeim, er hann nú hefur (sbr. fund 27. f.m. tölul. 5). —

H 5° Albert Jónsson frá Ólafsvík sækir um bæjarleyfi. — Leyfið veitt frá þessum tíma. + Tilk. Albert 11/8.05 + Tilk. bæjarfóg. 11/8.05

H 6° Jón Sigurðsson á Bakka á Seltjarnarnesi sækir um bæjarleyfi frá næstu haustnóttum. — Leyfið veitt.
11/8. Tilk. Jóni Sigurðssyni
11/8. Tilk. bæjarfóg.

X 7° Guðmundur Helgason húsmaður í Görðunum sækir um bæjarleyfi. — Beiðninni frestað og Jóni fátækrafulltrúa ~~[illegible]~~ Tómassyni falið að rannsaka hag Guðmundar þessa. —

[illegible] Fundi slitið.

Kristján Jónsson. Sighvatur Bjarnason Hannes Hafliðason
Ólafur Pjetursson Jón Tómasson Jón Eyjólfsson Samúel Ólafsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1905 hinn 24 ágúst átti fátækranefndin fund með sjer. — Voru þessi málefni tekin fyrir:

Nr 1º Var samin (25/8. 05. Tillögunni bæjarstjórnar —) áætlun yfir tekjur og gjöld fátækrasjóðs fyrir árið 1906 svohljóðandi:

Tekjur:

| | | |
|---|---|---|
| a. | Tíund af fasteign | Kr. 45.00 |
| b. | — " — lausafje | — 120.00 |
| c. | Hundaskattur | — 40.00 |
| d. | Endurgjald frá innanbæjarþurfamönnum | — 1000.00 |
| e. | Endurgjald frá öðrum sveitum | — 1000.00 |
| | | Kr 2.205.00 |

Gjöld:

| | | |
|---|---|---|
| a. | Til sveitarómaga | Kr. 9000.00 |
| — | — þurfamanna | — 7.500.00 |
| c. | Greftrunarkostnaður | — 250.00 |
| d. | Sóðflutningur þurfamanna | — 150.00 |
| e. | Ýmisleg útgjöld (svo sem fátækralyf) | — 1000.00 |
| f. | Lán til utansveitarmanna | — 1000.00 |
| | | Kr. 18.900.00 |

Nr 2º Guðsteinn Gamalíelsson í Kvöldalnum: Rik fer fram á að fátækrasjóður greiði meðlag af fóðurinnu beindi; með óskilgetnu barni Björns Jónssonar frá Stöðlakoti, sem nú er farinn til Vesturheims, og stúlkunnar Hallbjargar Bjarnadóttur frá Bjarnaborg, nú í Kvöldalnum. — Með því barnsins móðurinnar eigi er sveitlæg hjer, en framfærslu í Árnessýslu (í Grímsneshreppi) sá fátækranefndin sjer eigi fært

25/8.05: Synjað þess. Gend. ítrek.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að sinna beiðni þessari

3° Samþykkt að Einar Einarsson í Ökrholti fái fyrst um sinn til næstu vordaga 12 kr. mánaðarmeðlag með ómaganum Pjetri Friðrikssyni frá 1. júní þ. á. að reikna.

25/8. '05. Skr. bæjargjaldkera.

4° Guðjón Jónsson lausamaður á Skapdalsstöðum í Hrunamannahreppi sækir um bæjarleyfi frá næstk. hausti að reikna. – Beiðninni frestað og Ólafur bæjarfulltrúi Ólafsson útvegi upplýsingar um hag beiðanda.

5° Oddur Ásmundsson á Tibrá í Ölvesi sækir um samskonar leyfi. – Beiðninni frestað. – Ólafur Ólafsson útvegi upplýsingar einnig um hag þessa beiðanda.

6° Sigurður Sigurðsson í Holtsgötu № 8 hjer í bæ sækir um bæjarleyfi frá 1. oktbr. þ. á. – Leyfið veitt.

25/8. 05. tilk: prófi Sig. og bæjarfógeta.

7° Einar Jónsson № 10 við Klapparstíg sækir um bæjarleyfi frá þessum tíma. – Leyfið veitt.

25/8. 05. tilk. Einari og bæjarfógeta

8° Sveinbjörn Erlendsson á Eyrarbakka sækir um bæjarleyfi. – Beiðninni frestað og Bjarna fátækrafulltrúa Jónssyni falið að útvega upplýsingar um hag beiðanda.

9° Guðmundi Helgasyni í Görðunum veitt bæjarleyfi frá þessum tíma (sbr. fund 10. þ. m. tölul. 7).

25/8. 05. tilk. Guðm. Helgas. og bæjarfógeta

10° Guðlaugi Hinrikssyni í Njálsgötu 54 veitt bæjarleyfi frá þessum tíma (sbr. fund 27. f. m. tölul. 8).

25/8. 05. tilk. Guðlaugi Hinrikss. og bæjarfógeta.

Fundi slitið.

Halldór Jónsson — Sighvatur Bjarnason
Ólafur Ólafsson
Jón Eyjólfsson — Bjarni Jónsson — Jón Þórarinsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1905, fimmtudaginn 14. september átti fátækranefndin fund með sjer. — Voru þessi málefni tekin fyrir:

1°. Að gjöra tillögur um kenslustyrk úr Thorkilii barnaskólasjóði. — Eftirnefnd börn voru tilnefnd af fátækranefndinni með ráði sóknarprestsins og fríkirkjuprests Ólafs Ólafssonar. 15/9. 05. Umsókn afgr. til bæjarfógeta.

1 Guðmundur Jensson, Klöpp — 13 ára
2. Sigurður Guðmundsson, snikkara, Bergstaðastr. 26 — 12 —
3 Hafsteinn Bergþórsson, Skjaldbjörg — 13 —
4. Ágúst Jónsson, Mörk — — 12 —
5. Guðrún Símonardóttir, Hala — 13 —
6. Alexander Sigurðsson, Lindargötu 21 — 13 —
7. Ásta Valgerður Ásmundsdóttir, Stöðlakoti — 13 —
8. Ingibjörg Geirlaugsdóttir, Nýjabæ við Bakkastíg — 13 —
9. Guðrún Helgadóttir, Runólfssonar, Klapparstíg 15 — 13 —
10. Hannes Friðsteinsson, Valgarðshúsi — 13 —
11. Sigurður Þorláksson Runólfssonar — 13 —
12. Einar Pjetursson Hansson — 13 —
13. Rósa Sigurðardóttir, Selsholti — 12 —
14. Jón Símonarson Hala — 12 —
15. Jón Þorsteinsson Gamalíelssonar, Skólavörðustíg — 13 —
16. Margrjet Ásmundsdóttir, Vesturgötu 50 — 12 —
17. ~~Ástvin~~ Haraldur Sigurðsson Meðalholti, ..... — 12 —
18. Lilja Guðmundsdóttir, Ánanaustum — 13 —
19. Guðrún Sigurðardóttir, lögregluþjóns — 12 —
20. Axel Clausen, Tjarnargötu — 12 —
21. Gunnar Eggerts Benediktsson, Ingimundar — 14 —
22. Ólína Ásgerða Jónsdóttir (Selsholti) Brunnh. — 12 —
23. Guðrún Sigurbjörnsdóttir, Brunnhúsi — 12 —
24. Magdalena Margrjet Zoëga Jóhannesdóttir — 13 —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

25. Guðrún Emilía Einarsdóttir, Vesturgötu 53 B 13 ára
26. Magnús Árnason, Vesturgötu 53 B 12 -
27. Alfred Jónsson Lagdal, Sellandi 12
28. Sigurlína Ebenezardóttir, Helgasonar 12 -
29. Henrik Jónsson, Hinrikssonar, Klöpp 13 -
30. Erlendur Runólfsson Helgason, Runólfssonar 11
31. Karl Oskar Bjarnason, Klapparstíg 10 -
32. Ingvar Pálmason, Hollastöðum 13 -
33. Steinunn Guðmundsdóttir, Stórugerði 11 -
34. Laufey Árnadóttir, Hundhúsi (Baldursgötu) 10 -
35. Regína Guðrún Jónsdóttir, Stöðlakoti 12 -
36. Ólafur Þorbjörn Ólafsson, Bakka 13 -
37. Aðalsteinn Bjömsson, Svarvara Sigurðssonar (hjá Gunnl. Jakobssyni) 9 -
38. Páll Ágúst Pálsson, Hafliðasonar Skipstjóra 12 -
39. Einar Ragnar Ólafsson Petersen, Skólavörðustíg 9 -
40. Guðmundína Kristjánsdóttir, Vellinum 3 - 11 -
41. Anna Sesselja Einarsdóttir, Háholti 12 -
42. Steinunn Magnúsdóttir, Pálssonar Laufásvegi 13 -
43. Sesselja Hansdóttir + Guðmundsson, Smiðjustíg 12 -
44. Jón Vilhj. Þorsteinsson, Laugavegi 38 B - 11 -
45. Jóna Ása Eiríksdóttir, Selkoti - 12 -
46. Anna Jónsdóttir, Pálssonar - 10 -
47. Sigurður Sveinsson Jónsson, Vesturgötu 50 - 11 -
48. Svanlaug Árnadóttir, Helgasonar, Skólavörðustíg 10 -
49. Guðríður Guðrún Þórðardóttir, Brekkuholti 10 -
50. Guðbjörn Pálsson Hafliðasonar Skipstjóra 9 -

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

51 Ingibjörg Dóra Guðbjörnsdóttir, Grundarstíg 11 ára
52 Ágústa Einarsdóttir, Hólkoti 10 –
53 Bjarni Ragnar Ámunsson, Vesturgötu 53 B c. 10 –

Jóhann Þorkelsson Ólafur Ólafsson.

X 2° Útaf málaleitun frá Vilborgu Rögnvaldsdóttur í Sólheimum var Þórði Narfasyni, öðrum fátækrafulltrúa, falið að skoða Sólheimabæinn og framkvæma nauðsynlega aðgjörð að því, þó því aðeins að sú aðgjörð kosti eigi yfir 100 krón., ella og málið á ný lagt fyrir fátækranefnd. –

X 3° Þorkell Sigurðsson í Nýlendugötu 22 fer fram á að gjört verði við bæ þann, er hann býr í og sem fátækrasjóður á. – Samþykkt að verja allt að 30 kr. (20–30 kr.) til aðgjörðar á bæ þessum og var Ólafi Ólafssyni fátækrafulltrúa falin framkvæmd á því. –

X 4° Kristín Guðmundsdóttir í Hólakoti fer fram á að fá styrk úr fátækrasjóði til aðgjörðar á bæ sínum eða þá til að byggja sér nýtt hús. – Ákveðið að fela þeim Ólafi Ólafssyni og Bjarna Jónssyni fátækrafulltrúunum að skoða bæinn og gjöra ~~þ~~ áætlun um hve mikið það kosti, að gjöra bæinn byggilegan næsta ár, og og að tala um fyrir Kristínu að því er sölu á bænum snertir.

X 5° Útaf málaleitun frá Jóhönnu Jónsdóttur í Mýri var Þórði Narfasyni fátækrafulltrúa falið að rannsaka hve nauðsynleg aðgjörð að bæ þeirra mundi kosta og jafnframt að tala við

Sporteinn Jónsson Illugaæum [illegible] á nokkud í [illegible], um [illegible] þetta.

X 6. Guðjón Björnsson á Móbergi falar [illegible] á [illegible] Móbergi með tilheyrandi [illegible]. — Þeim Þórði Narfasyni og Ólafi Sigurðssyni fátækrafulltrúum falið að [illegible] [illegible] og virða hana og leggja [illegible] fyrir næsta fund.

X 7. Samþykkt að Guðmundur Magnússon í Ellidakoti
sveitarbjargir. gjaldkera 15/9. 05. fái [illegible] 50 aur. á dag með geðveiklingnum Guðbjarti Sigurðssyni frá þeim tíma að Guðbjartur var aptur fluttur uppeptir til Guðmundar og [illegible] til hans þar [illegible], [illegible] í [illegible] [illegible]. — Frá 1. oktbr. næstk. er Guðbjarti komið fyrir hjá Jónasi Sigurðssyni á Völlum í Kjalarnesi gegn 1[illegible] meðlagi um daginn

X 8. Geðveiklingnum Jóni Theodór Jóssepssyni er
Tilk. bæjargjaldkera 15/9. 05. komið fyrir hjá bróður sínum, Niels [illegible] [illegible] bakara, fyrir 1 kr. meðlag á dag, frá 1. oktbr. þ. a.

X 9. Fornaður [illegible] frá að Árni Jóhannesson bókb. frá Elodlukoti [illegible] verið veikinda orðið að fá 25 kr. styrk úr fátækrasjóði; var sú fjárveiting samþykkt.

X 10. Útsvar [illegible] frá ungfrú Marie [illegible] var
Tilk. bæjargjaldkera 15/9. 05. meðlag með [illegible] Guðríði Árnadóttur hækkað úr 7 kr. á mánuði upp í 10 kr. á mánuði frá 1. oktbr. næstk. að [illegible].

X 11. Útsvar beiðni frá Guðrúnu Jónsdóttur á Laugaveg 27

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

um hækkun á meðlagi með ómaganum Margrjetu Gísladóttur var Samúel Ólafssyni fátækrafulltrúa falið að semja við Guðrúnu til næsta fundar og leggja þá málið á ný fyrir nefndina. –

X 12° – Útaf erindi frá Kristjáni Sæmundssyni, Laugaveg 37 var húsaleigustyrkur hans hækkaður úr 4 kr upp í 8 kr. á mánuði frá 1. oktbr. næstk. [Tilk. bæjargjaldkera 15/9. '05.]

X 13° – ~~Útaf~~ Lagt fram erindi frá Pálínu Helgadóttur við Barónsstíg 16 um flutning á barni, Laufey Árný Ólafsdóttur Guðmundssonar. – Málinu frestað og Samúel Ólafssyni fátækrafulltrúa falið að leita samninga við föður Ólaf um meðgjöf með barninu og við Pálínu um að halda barnið áfram þangað til sveitfesti þess er viðurkend. 15/9. skr. bæjarfógeta um sveitfesti.

X 14° – Jón Guðmundsson í Bakkabæ sækir um hækkun á meðlagi. – Samþykkt að hækka mánaðartillag hans úr 15 kr. upp í 20 kr. á mánuði frá 1. oktbr. næstk. að reikna. 15/9.05. Tilkynnt bæjargjaldkera.

X 15° – Ólafur Guðmundsson verzlunarmaður í Bakkabæ fer fram á að fá styrk úr fátækrasjóði sakir veikinda. Málinu frestað og var Sigurði Narfasyni falið að rannsaka hag Ólafs og jafnframt leita samninga við Jón Guðmundsson um það hve mikla meðgjöf hann vildi halda Ólaf þennan, sem er fóstursonur hans.

X 16° – Útaf erindi frá Þorsteini Egilssyni skipstjóra um vegalausa vinnukonu sína og barn hennar var Ólafi Pjeturssyni fátækrafulltrúa falið að tilkynna Þorsteini að fátækranefndin geti ekkert sinnt erindi þessu, eins og það er lagað. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

X 17. Jörgen Jónsson í Suður-Klöpp kvaðst eigi geta lengur haldið drengnum Jóni Eyjólfssyni. Ólafi Ólafssyni bæjarfulltrúa falið að útvega drengnum samastað með tilstyrk Jóns Eyjólfssonar, ef Jörgen [illegible] ekki til að halda drengnum áfram.—

X 18. Oddi Sæmundssyni á Akri í [illegible] (skr. fund 24. f.m. tölul. 5) veitt bæjarleyfi frá þessum tíma.— 15/9. skr. bæjarfóg.
tilk. 15/9. 05.

X 19. Sveinbirni Eilendssyni á Eyrarbakka veitt bæjarleyfi frá þessum tíma (skr. fund 24. f.m. tölul. 8). 15/9. skr. bæjarfóg.
tilk. 15/9. 05.

X 20. Sigvaldi Bjarnason smiður sækir um bæjarleyfi fyrir Jóhann Sivert Jónsson frá Bakka í Geiradal frá októbermánuði þ.á. að telja.— Leyfið veitt. 15/9. 05. skr. bæjarfóg.
tilk. 15/9. 05.

X 21. Ósvaldi Knudssyni nú í [illegible]götu veitt bæjarleyfi frá þessum tíma (skr. fund 8. júní þ.á. tölul. 10).— 15/9. 05. skr. bæjarfóg.
tilk. 15/9. 05.

X 22. Guðmundur Bjarnason í Hverfisgötu 27 sækir um bæjarleyfi frá þessum tíma.— Leyfið veitt.
tilk. 15/9. 05. s.d. skr. bæjarfóg.

X 23. Guðmundur Jónsson á Stóru-Grund í Rvík sækir um bæjarleyfi frá þessum tíma.— Beiðninni synjað sakir upplýsinga er fram komu í fundinum er lúta að því, að efnahagsvottorði því, er beiðninni fylgdi, væri ekki trúandi.— maðurinn væri bláfátækur.—
tilk. 15/9. 05.

X 24. Páll Jónsson frá Hafnarfirði sækir um bæjarleyfi. Beiðninni frestað og var Ólafi bæjarfulltrúa Ólafssyni falið að leita og útvega frekari upplýsingar um hag beiðanda.—

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

x 25. Þórarinn Arnórsson á Þormóðsstöðum sækir um bæjarleyfi fyrir Pjetur Bjarnason [illegible] á [illegible]. — Leyfið veitt frá 1. oktbr. þ.á.
15/9.05. Tilk. s.d. sk. bæjarfg.

x 26. Sighvatur Brynjúlfsson í Reykjavík sækir um bæjarleyfi frá þessum tíma. Leyfið veitt. — 15/9. sk. bæjarfg.
Tilk. 15/9.05.

x 27. Kristófer Jónsson frá Hvoli í Mýrdal sækir um bæjarleyfi frá þessum tíma. — Var leyfið veitt. 15/9.05. sk. bæjarfg.
Tilk. 15/9.05.

x 28. Elías Nikulásson frá Odda á Rangárvöllum sækir um bæjarleyfi frá 1. oktbr. næstk. — Leyfið veitt.
Tilk. 15/9.05 s.d. bæjarfg.

x 29. Guðbrandur Guðbrandsson frá Sandvík á Eyrarbakka sækir um bæjarleyfi. — Leyfið var veitt frá þessum tíma. — 15/9.05. sk. bæjarfg.
Tilk. 15/9.05.

x 30. Gísli Pálsson frá Grímsstöðum á Eyrarbakka sækir um bæjarleyfi frá 1. oktbr. þ.á. — Leyfið veitt.
15/9.05. Tilk. s.d. bæjarfg.

x 31. Margrjet Einarsdóttir á Bakka í Reykjavík fer fram á að fá styrk úr fátækrasjóði sakir veikinda. — Beiðninni frestað og var Þórði Narfasyni falið að rannsaka ástæður beiðanda. —

Fundi slitið

Kr. Jónsson  Jón Magnússon  Sighvatur Bjarnason
Ólafur Ólafsson
Hannes Hafliðason  Guðmundur Þorkelsson  Jón Tómasson
Þórður Narfason  Ólafur Pjetursson  Jón Eyjólfsson  Samúel Ólafsson

Ár 1905, 28. September, átti fátækranefndin fund með sjer. — Voru þessi mál tekin fyrir:

x 1. Formaður skýrði frá að Magnús Pálsson [illegible] frá 1. oktbr. næstk. á vegum sonar síns Magnúsar Magnússonar, gegn 10 kr. mánaðarlegu meðlagi, þannig að [illegible] Magnúsar Pálssonar fallinn burt.
Tilk. bæjargjaldk. 29/9.05.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

X 2° Sveinn Guðmundsson á Sveinsstöðum (bæ) í Kaplaskjóli fer fram á að fá nýja eldavjel í bæ einn, sem fátækrasjóður á. – Ólafi Ólafssyni falið að annast um kaup á eldavjel fyrir allt að 20 kr., og setja hana niður, og jafnframt annast um aðgjörð á skorstein í bænum – fyrir reikning fátækrasjóðs.

3° Jafnframt skyldi láta framfara nauðsynlega aðgjörð á bæjarhúsinu

X 3° Árni Jóhannesson bókbindari fer fram á að fá styrk úr fátækrasjóði sakir veikinda sinna. Ákveðið að leggja Árna til bráðabirgða 25 kr. á mánuði. – Jafnframt var ákveðið að leita læknis umsagnar um það, hvort æskilegt væri eða nauðsynlegt, að taka upp heimilið sakir veikinda Árna, – einnig skyldi álengd í samráði við Davíð fátækrafulltrúa, bróður Árna, hvernig heimilinu skyldi verði hagfanlegast aðstoðað. –

tilk. Árna 29/9. 05. tilk. bæjargjaldk. 2/10. 05. 29/9. 05. sk. bæjarlækni. –

X 4° Útaf erindi frá Stefáni Jónssyni í Ráðagerði (frá Gjótu) var ákveðið að meðlag með tengdamóður hans Guðrúnu Ófeigsdóttur (sbr. fund 13. júlí þ. á. tölul. 3) skyldi hækkað úr 8 kr. í 10 kr. á mánuði frá 1. oktbr. þ. á. að telja

29/9. 05. tilk. bæjargjaldk.

X 5° Jafnframt var sjeðum Stefáni veittur 20 kr. styrkur úr fátækrasjóði til kjöt og sláturkaupa. – Guðm. Þorbergssyni fátækrafulltrúa falið að annast kaupin.

X 6° Útaf erindi frá Ingunni Þorsteinsdóttur í Vaðsbæ við Klapparstíg var henni veittur 5 króna mánaðarstyrkur frá 1. oktbr. þ. á. – fyrst um sinn

29/9. 05. tilk. bæjargjaldkera. –

X 7° Formaður skýrði frá að einn af ómögum bæjarins,

29/9. 05. tilk. bæjargjaldkera. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Guðmundur Eiríksson, er var hjá Helga Teitssyni missti andlit fyrir nokkru viku síðan.—

8o. Samþykkt að veita til bráðabirgða 15 kr. styrk á mánuði til Ólafs Guðmundssonar í Bakkabæ (sbr. fund 14. þ.m. tölul. 15). — Jafnframt var samþykkt að leita læknisumsagnar um það, hvernig heppilegast væri að ráðstafa Ólafi.—

skr. bæjargjaldkera 29/9.05.
skr. hjeraðslækni 29/9.05.

9o. Samþykkt að meðlag með ~~Ma~~ Margrjeti Gísladóttur til Guðrúnar Jónsdóttur (sbr. fund 14. þ.m. tölul. 11) skyldi hækkað uppí 10 kr. frá 1. okt. þ.á. að reikna.

29/9.05 tilk. bæjargjaldkera

10. Diðrika Hölter (No 5 á ómagaskránni) komið fyrir hjá Ólafi Gunnlögssyni frá Ártúni frá sama degi að reikna.

29/9.05. tilk. bæjargjaldk.

11o. Margrjeti Eiríksdóttur á Bakka (sbr. fund 14 þ.m. tölul. 31) veittur 10 kr. styrkur úr fátækrasjóði sakir veikinda.
+ ávísað 2/10.'05.

12o. Samþykkt að leggja það til við bæjarstjórn að nauðsynleg aðgjörð á Sólheimahúsinu (sbr. fund 14. þ.m. tölul. 11) samkvæmt áætlun frá þeim Sigurði Nessyni og Ólafi Pjeturssyni verði framkvæmd fyrir reikning fátækrasjóðs.
2/10.'05. skr. bæjarfógeta.

13o. Eptir nýjum upplýsingum er fram komu á þessum fundi um efnahag Guðmundar ~~Bjarnasonar~~ Jónssonar, Stóru ~~í Kaupfjelagi~~ Grund 27 (sbr. fund 14. þ.m. tölul. 23) þarf nefndin eigi nein ástæðu til að halda fast við kröfu sína á bæjarleyfi handa Guðmundi föður sínum og var Guðmundi því veitt leyfi þetta frá föður sínum sínu.

29/9.05. tilk. Guðm. s.d. bæjarfóg.

14o. Jóni Brynjólfssyni ~~Kristjánssyni~~, verkamanni á Laugavegi 49 veitt bæjarleyfi frá föður sínum.—

29/9.05. tilk. Jóni s.d. bæjarfógeta.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

× 15° – Júlíusi Helga Árnasyni, Lindargötu 15 veitt
tilk. beiðanda 29/9.05. bæjarleyfi frá þessum tíma. + 29/9.05. sm. bæjarfógi.

× 16° – Einari Sigurðssyni fyrv. brúarverði við Þjórsárbrú
tilk. Einari 29/9.05. – veitt bæjarleyfi frá þessum tíma. – + 29/9.05. sm. bæjarfógi.

× 17° – Bjarni Gíslason, Klapparstíg 13 sækir um bæjar-
29/9.05. leyfi. – Með því að einn af fátækrafull-
tilkynnt Bjarna. trúunum (Þór. Tómasson) gaf upplýsingar um
það, að maður þessi væri blá-fátækur, jafnvel
svo, að hann væri sveitarómagi Bessastaðahrepps,
var beiðni þessari synjað. –

× 18° – Sigfús Jónsson frá Hafnarfirði sækir um
29/9.05. tilk. Sigfúsi. bæjarleyfi. – Beiðninni synjað sakir [illegible]
beiðanda. – + 29/9.05. sm. bæjarfógi.

× 19° – Páll Jónsson frá Hafnarfirði sækir um bæjar-
tilk. Páli 29/9.05. –.. bæjarfóg. s.d. leyfi frá þessum tíma og var það leyfi veitt.

× 20 – Andrjes Ág. Guðnason frá [illegible] sækir um
tilk. Andrési 29/9.05. –.. bæjarfóg. s.d. bæjarleyfi frá þessum tíma. – Var leyfið veitt.

× 21° – Guðjóni Jónssyni frá Rauðkollsstöðum veitt
tilk. Guðjóni 29/9.05. –.. bæjarfóg. s.d. samskonar leyfi (sbr. fund 24. f.m. tölul. 4).

× 22° – Árni Helgason (Njálsgötu 47) sækir um bæjar-
29/9.05. tilk. Árna s.d. tilk. bæjarfógi. leyfi frá 1. okt. næstk. – Leyfið veitt.

× 23° – Sigurður Ísak Sigurðsson lausamaður á
Berustöðum í Ásahreppi sækir um samskonar leyfi.
Beiðninni frestað og var Jóni Eyjólfssyni falið
að leita upplýsinga um hagi beiðanda.

× 24. – Guðmundur Magnússon frá Reykjanesi sækir um
29/9.05. tilk. Guðm. s.d. –.. bæjarfógi. bæjarleyfi frá þessum tíma. – Var leyfið veitt

× 25° – Guðmundur Guðmundsson frá Ásláksstöðum
29/9.05. tilk. Guðm. s.d. –.. bæjarfógi. (nú Aðalstræti 10) sækir um samskonar leyfi
og var það veitt. –

[illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fær eigi gjört og var svo

Fundi slitið.

Kristinn Jónsson. Ólafur Ólafsson. Sighvatur Bjarnason
Hannes Hafliðason Bjarni Jónsson Guðmundur Þorkelsson
Þórður Narfason Jón Tómasson Jón Eyjólfsson

Ár 1905, október 12. hjelt fátækranefndin fund með sjer. Voru tekin fyrir eptirgreind mál. 14/10. 05. afgr. til bæjarfg.

1° Fátækranefndin gjörði tillögu um styrkveitingar úr alþýðustyrktarsjóði. Styrkur sá, er úthluta skal, nemur 330 Kr., og leggur nefndin til að fjárhæð þessari sje skipt þannig:

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Elín Björnsdóttir frá Skólavörðustíg 4 | Kr. 10.00 |
© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1906 mars 22. átti fátækranefndin fund með sjer, og voru þessi mál tekin fyrir.

H 1. Formaður tilkynnti, að samkvæmt brjefi stjórnarráðsins 5. þ.m. hefðu Stjórnarvöldin í Noregi lýst því yfir, að fátækrastyrkur sá er áður 1904 var hjer veittur sjómanni Hans Ludvig Hendriksen, að upphæð 56 Kr. 43 a. fengist eigi endurgoldinn. Útaf þessu fól fátækranefndin formanni sínum, að fá upplýsingar um það hjá stjórnarráðinu hverjar sjeu ástæður fyrir synjuninni.

(Margin: 24/3.06. skr. Gjaldbók)

H 2. Formaður skýrði frá því, að barninu Lilju dóttur Friðkonráðs-ar Þórsdóttur, sem um var rætt á síðasta fundi, hafi verið komið fyrir fyrst um sinn framvegis hjá Gunnari smiðkara(?) Gunnarssyni gegn 12 Kr. o: frá 1/3. 06. meðlagi á mánuði.

(Margin: 24/3.06. skr. Gjaldbók)

H 3. Nefndin samþykkti, að greiða 40 Kr. árlegt meðlag með óskilgetnu barni Margrjetar Þórðardóttur í Vegkúsum(?) barninu Kristínu Guðrúnu Guðbrandsdóttir 4 ára að aldri frá 1. apríl þ.á. samanb. 4 tölul. í síðasta fundi.

(Margin: 24/3.06. skr. Gjaldbók ~~Gjaldbók~~ - gjaldkera.)

H 4. Samþykkt var eptir beiðni Jóhönnu Oddsdóttur Bókhlöðustíg 6, að hækka meðlagið með ómaganum Sólgerði(?) Sigrún Guðmundsdóttur úr 6 Kr. uppí 10 Kr. mánaðarlega frá 1. þ.m.

(Margin: 24/3.06. tilkynnt Gjaldbók. Gjaldkera.)

H 5. Eptir beiðni frá þurfamanni Samúel Ingimundarsyni, var samþykkt, að hækka þurfamannastyrk hans úr 10 Kr. uppí 12 Kr. á mánuði frá 1. næsta mánuði að reikna, og húsaleigustyrk hans úr 3 Kr. uppí 4 Kr. á mánuði frá 14. maí næstkomandi.

(Margin: 24/3.06. tilk. Gjaldbók. gjaldkera.)

H 6. Eptir beiðni frá þurfamanninum Árna Árnasyni í Hverfisgötu 16 var samþykkt að hækka húsaleigustyrk hans úr 5 Kr. uppí 8 Kr. á mánuði frá 1. næsta mánaðar.

(Margin: 24/3.06. tilkynnt Gjaldbók. gjaldkera.)

X 7. Formaður skýrði frá því, að Magnús Sigfússon vegartjáni(?) hefði sagt til sveitar Einar Guðmundsson hinn mát-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

laura frá Tattum, og jafnframt, að búið væri að skora nefndum vid legging fyrir hjá Guðmundi Einarssyni steinsmið kostnaðarlaust fyrir fátækrasjóð.

X 8. Samþykkt var að hækka húsaleigustyrk Árna Jóhannessonar bókbindara úr 6 kr. 50 a. um mánuðinn uppí 7 kr. frá 14. maí næstk. til 1. október þ. á.
24/3.06. tilk. bæjargjaldkera.

X 9. Ólafur Karel Hjörtþórsson á Hlíðarenda sækir um bæjarstyrk frá 14. maí þ. á. Beiðninni frestað til þess að frekari skýrslur verði fengnar um heimilisfar umsækjanda, og efnahag beiðanda. Ólafi Pjeturssyni falið að útvega þessar skýrslur frá húsbændum hans.

Fleira ekki fyrirtekið og fundi slitið

Kristján Jónsson. Kristján Þorgrímsson Ólafur Ólafsson
Samúel Ólafsson Jón Eyjólfsson Ólafur Pjetursson
Davíð Jóhannesson Bjarni Jónsson

Árið 1906, hinn 26 April átti fátækranefndin fund með sjer, og voru þessi mál tekin fyrir.

X 1. Samþykkt af fátækranefndinni að greiða reikning fátækrastjórn Kaupmannahafnar að upphæð Kr. 3,- sem er fátækrastyrkur veittur Birni Grímssyni, hjer sveitlægum. 28/4. Rbm. sendur bæjarfógeta til að ávísast.

X 2. Ólafur beiðni frá Magnúsi Pálssyni þurfamanni um styrk úr fátækrasjóði eða á einhvern annan hátt til þess að hann geti komist til Ameríku til konu sinnar, ákvað nefndin að svara svo, að hún hefði að lögum eigi heimild til að veita nefndan styrk og það lagi fyrir utan verksvið hennar að styðji hann til Ameríkuferðar.
28/4.06. tilk. M. Pálss.

X 3. Eyjólfur Magnússon Brunnstíg 10 tilkynnir að hann vilji eigi halda drenginum Þorgrími Hermanns. lengur en til 14 maí næstkomandi, drengur þessi á að fermast í vor, og tók Ólafur Ólafsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

bæjarfulltrúi að sjá að sjá honum fyrir-
verustað.

X 4. Björn Jónsson Bræðraborgarstíg kvaðst ekki lengur vilja halda drengnum Harald Hanssyni (kallaður Sigurlínusyni) en til 14 Maí næst, og tók Ólafur Ólafsson bæjarfulltr. að sjá að koma drengnum fyrir

X 5. 28/4.06 skr. Lund. Útaf ~~…~~ erindi frá lyfsala Lund um fjárveitingu úr ~~bæjar~~ fátækrasjóði 80 Kr. til tréfótskaupa til handa öreiga piltinum Bjarna Sigurðssyni Eiríkssonar ákvað nefndin að veita nefndum Bjarna Sigurðssyni styrk úr fátækrasjóði 80 Kr. til að kaupa áminstan tréfót með því skilyrði að fóturinn verði til frambúðar.

X 6. Beiðni frá Sigríði Einarsdóttur þurfamanni um styrk úr fátækrasjóði Kr 10,50 til að borga hjúkrunarkonu, frestað til að fá frekari upplýsingar um hvernig á þessum kostnaði stendur. (~~[illegible]~~ Davíð [illegible])

X 7. 28/4.06 skr. Magn. Þór. „Krafinn til viðtals" Útaf beiðni frá Magnúsi Þórarinssyni um að fátækranefndin annist um húsnæði fyrir hann frá 14 Maí næstkom. Ákvað nefndin að formaður tali við hann um hag hans, NB. sveitfesti og önnur atvik, áður en málinu er ráðið til lykta.
Magnús á nú heima í Andersens skála.

X 8. 28/4.06 tilk. bæjargjaldkera. Útaf beiðni frá Steingrími Jónssyni Grettisgötu 39. um að meðlag með ómaganum Halldóru Jónsdóttur verði hækkað úr Kr 15 uppí Kr 20,00 um mánuðinn ákvað nefndin að veita þessa hækkun á meðlaginu frá fyrsta næsta mánaðar.

X 9. Útaf beiðni frá Þorkeli Sigurðssyni um að setja sér tjaldstokka í skúrð við íbúðarhús hans, sem er eign fátækrasjóðsins, var samþykkt

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að fela Ólafi Ólafssyni bæjarfulltr. að athuga
þennan skurð, og gjöra nefndinni aðvart ef hann
álítur hann nauðsynlegann.

X 10. Framlagður var reikningur frá Jóni Ólafssyni á
28/6.06. Bústöðum að upphæð Kr 48,00 sem er legusjúkrunar-
sv. bæjarfógeta reikn. sendur kostnaður Signýjar Ólafsdóttur frá 28 mars til 4 April, og
lýsir nefndin því yfir, að hún fyrir sitt leiti hefir
ekkert að athuga við reikninginn, en lýsir jafn-
framt yfir, að framfærsluhreppur sjúklingsins sem óvafa-
laga er talinn Villingaholtshreppur, eigi að borga þennan
kostnað, og vill fátækranefndin — eftir því sem Jón
hafði málið til við formann — leggja liðsyrði sitt til
þess, að nefndur hreppur verði krafinn um upphæðina.
Jafnframt heimilaði nefndin formanni sínum
að greiða úr fátækrasjóði, — ef á þarf að halda, — 21 kr.
til Guðlaugu Þjóðólfsdóttur, sem er nokkur hluti af
sjúkrunarreikningnum, og skal upphæð þessi
síðan krafin af Villingaholtshreppi. (innifalið í reikn-ingi Jóns Ól. — [illegible])

X 10. Formaður tilkynnti nefndinni upplýsingar frá
Stjórnarráðinu um það hvers vegna styrkur veittur
Hans L Henriksen af skipinu „Terrie" árið 1904
hjer í bæ, eigi fáist endurgoldinn frá Noregi, og
getur nefndin ekkert frekar athugað við það.

X 11. Eftir skýrslu fátækrafulltrúa Samúels Ólafssonar
er heimili Þórðar Ólafsson Njálsgötu 41 svo bágstatt
— maðurinn liggur veikur — börn tvö ung, og heimilið alveg
bjargarlaust — að nauðsynlegt er að fátækrastjórnin
hafi afskipti af því. Formanni var veitt heimild
til þess að veita heimilinu nauðsynlega hjálp, gegn
endurgjaldi frá framfærsluhreppi mannsins
sem álitið vera Rosmhvalaneshreppur.

X 12. Jakob Árnason Auðsholti sækir um bæjarleyfi
26/4.06 tilk. [illegible] frá næstu fardögum leyfið veitt. 26/4.06 tilk. bæjarfóg.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

X 13. Guðrún ekkja Einarsdóttir Keflavík sækir um
28/4. ´06. Tilk. Guðrúnu S. d. Sönnuf. bæjarfóg. bæjarleifi sækir um bæjarleifi frá næstu vordögum,
leifið veitt

X 14. Báður K. Guðmundsson Laugaveg 75. Sækir um
28/4. ´06. Sm. B. Kr. Guðmundssyni bæjarleifi frá ~~næstu fardögum~~ þessum tíma, beiðninni frestað til þess að umsækjendunum færi í fullu
sönnu á, að hann eigi hina áskyldu fjárhæð,

X 15. Runólfur Ólafsson Mýrarhúsum sækir um
28/4. ´06. Tilk. Runólfi S. d. Sönnuf. bæjarfógeta bæjarleifi frá næstu ~~fardögum~~ Krossmessu: leifið veitt.

X 16. Ólafur Helgason bóndi á Bústhúsum sækir um
28/4. ´06. Tilk. Ólafi. S. d. Sönnuf. bæjarfógeta bæjarleifi frá næstu fardögum. leifið veitt.

X 17. Helgi Jónsson Ketilstöðum sendi hina umbeðnu
28/4. ´06. Sm. Helga Jónss. skýrslu um eigur sínar og ítrekar bæjarleifisbeiðni
sína. beiðninni enn frestað, til að fá frekari
upplýsingar um efnahag hans.

X 18. Ólafur Karel Hjörtþórsson sendir hina umbeðnu
28/4. ´06. Tilk. Ólafi Hj. 28/4. Sönnuf. bæjarfógeta skýrslu um efnahag sinn, og var honum veitt
hið umbeðna bæjarleifi frá 14. þ. m.

X 19. Helgi Guðmundsson málari Akureyri sækir
28/4. ´06. Tilk. Helga Guðm. 28/4. ´06. Sönnuf. bæjarfógeta leifi um bæjarleifi frá 14 næstu mánaðar. leifið veitt.

X 20. Ágúst Pálmason Laugarnesi sækir um bæjarleifi
frá þessum tíma. Málinu frestað til þess
að fá skýrslu um efnahag hans dugnað og reglusemi,
og Samuel Ólafssyni falið að fá þessa skýrslu.

X 20. Einar Brynjólfsson Bakkakoti Kjós sækir um
28/4. ´06. Tilk. Einari Brynjólfss. S. d. tilk. bæjarfógeta bæjarleifi frá þessum tíma. leifið veitt.

21. Ástríður Guðmundsdóttir vinnukona ~~hér~~ í Bergstaðastræti sækir um bæjarleifi: leifið veitt.
28/4. ´06. Tilk. Ástríði S. d. tilk. bæjarfógeta

Frekara ekki fyrirtekið og fundi slitið.

Kristján Jónsson Magnús Blöndahl Kristjáni Þorgrímsson
Past. Þorsteinsson Ólafur Ólafsson Bjarni Jónsson
Samuel Ólafsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

~~Hinn~~ Ár 1906, fimmtudaginn 10. maímán: skyldi fátækranefndin eiga fund með sjer, en með því að eigi mættu svo margir nefndarmenn, að fundarfært væri, varð ekki af fundi. – Formaður skýrði þó nefndarmönnum og fátækrafulltrúum þeim, er mættir voru, frá málum þeim, er þeim lægju óafgreidd, og heyrði álit þeirra og tillögur um, hvernig greiða skyldi úr þeim. –

D. u. s.

Kristján Jónsson

Árið 1906 hinn 14. júní átti fátækranefndin fund með sjer, og voru þessi mál tekin fyrir:

X 1. Formaður tilkynnti, að þurfamaðurinn Ingibjörg Sigurðardóttir hefði látizt 29. April þ. á. 16/6.06 till. bæjargjaldkera. –

X 2. Formaður tilkynnti að ~~Þ~~ Dóritta Hälter hefði farið frá Ólafi Gunnlaugssyni 14. maí, verið síðan hjá Sigurði Eiríkssyni á Laugavegi til maí loka, er kostaði 6 kr., en frá 1. júní væri henni komið fyrir ~~hjá~~ hjá Guðrúnu Þórðardóttur Laugavegi 27 fyrir 14 krónur um mánuðinn. Voru þessar ráðstafanir samþykktar af fátækranefndar nefndarinnar. 16/6.06. Tilkynnt bæjargjaldkera.

X 3. Formaður tilkynnti, að þurfamaðurinn Guðrún Guðbrandsdóttir í Bergi óskaði, að sjer yrði komið fyrir, sem ómaga frá 1. sept. næstkomandi; fátækranefndin áleit að rjett væri, að koma henni fyrir í dvöl, og var Bjarna Þórðarsyni falið á hendur, að gjöra það.

X 4. Útaf erindi frá Helgu Jóhannesdóttir frá Suðurklöpp, sem nú er komin á Laugaveg 63, um nauðsynlega styrkveitingu í veikindum hennar, og um aðstoð til að ná munum sínum frá Jósepi gamla Þórðarsyni í Klöpp, fól nefndin oddvita, að tala við Jósep, og útkljá mál þetta við hann, og að öðru leyti, að veita Helgu nauðsynlegan styrk.

X 5. Formaður tilkynnti, að Þorsteini Sigurðssyni hinum geðveika hefði verið komið fyrir hjá Árna Þorlákssyni á Bráðræðisholti fyrir tveggja króna meðlag á dag, fyrst um sinn. Nefndin samþykkti þessa ráðstöfun formanns.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

16/6. '06. Tilkynnt bæjargjaldkera.

X 6. Formaðr tilkynnti að Jóhanna Guðmundsdóttir (Gestreik) — er verið hefir hjá ~~Helga~~ ~~Teitssyni~~ Snæbirni Jakobssyni, væri nú komin fyrir hjá Helga Teitssyni fyrir 75 aura meðlag á dag, og var það samþykkt af fátækranefndinni.

16/6. '06 afgr.

X 7. Samþykkt var að greiða úr fátækrasjóði, reikning Bjarna Jónssonar að upphæð Kr 27,43 fyrir að slá upp herbergi utan um sjúklinginn Jóhönnu Jóhannsdóttur í Bjarnaborg.

15/6. '06. afgr.

X 8. Eftir beiðni Þórðar gamla Steffánssonar um styrk til að kosta aukalega á ferðir í sumar, var honum veittar Kr 10,00 í því skyni.

X 9. Út af beiðni frá Runólfi járnsmið Einarssyni um hækkun á meðlagi með ómaganum Jóni Sigurðssyni uppí 20 krónur um mánuðinn, samþykkti nefndin að fela Samúel Ólafssyni að tala við Runólf um málið og semja við hann.

16/6. '06. Tilkynnt bæjargjaldkera.

X 10. Út af beiðni frá þurfamanni Helgu Halldórsdóttur um styrk úr fátækrasjóði, samþykkti nefndin að veita henni 3 kr styrk á mánuði fyrir utan húsaleigustyrk þann — 2 kr. á mánuði — sem hún hefir haft.

X 11. Samþykkt var að greiða reikning frá ljósmóður Sesselju Ólafsdóttur ~~um~~ að upphæð fyrir að sitja yfir Margrétu Benjamínsdóttur. Upphæð reikningsins var 4 krónur.

16/6. '06. Hr. Vilhjálmur.

X 12. Út af bréfi frá Vilhjálmi K. Jakobssyni um spítalalegu piltsins Halldórs skósmiðs Halldórssonar áleit nefndin að hún ekki þyrfti að gjöra neina ákvörðun, þar sem henni nú væri ljóst að nefndur piltur væri dáinn.

X 13. Framlagðir reikningar frá Gunnari Gunnarssyni

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fyrir framfærslu barnsins Lilju Maríusdóttur að upphæð Kr. 43,50. Samþ. var að borga tilhöfulegan hluta reikningsins frá 1 með til 22 Maí en eigi frá 10 Febrúar eins og farið er fram á og færist reikningurinn þá niður um Kr. 7,50.

X 14. Formaður tilkynnti að Sandvíkurhreppur í Árnessýslu hefði viðurkent Sigríði Jónsdóttur móður fyrnefnds barns - sveitlæga þar, samanber fund 8 Marz þ. á.

X 15. Formaður tilkynnti að hreppsnefndin í Fellsstrandarhreppi hefði viðurkent sveitfesti Jónasar Jónassonar frá Stykkishólmi samanber fund 22 Febrúar þ. ár.

18/6. ds. Svarað.

X 16. Var bréf frá frú Guðbjörgu Andrjesdóttur á Laugavegi No 21 um 25 króna styrk til meðgjafar með barni sínu, samþykkti nefndin að veita hinn umbeðna upphæð.

16/6. ds. tilkynnt bæjargjaldkera.

X 16. Eftir beiðni frá Önnu Sigríði Benediktsdóttur um að hún fái að halda þeim húsaleigustyrk er hún hefur fengið til 14 maí, þ. e. 3 kr. um mánuðinn árið um kring, var samþykkt að verða við þessari beiðni hennar.

X 17. Formaður tilkynnti að Jóni Jónassyni frá Einarsstöðum hefði verið útvegað húsnæði í Bakka hjá Ólafi Björnssyni frá 14 Maí þ. á. þannig að fátækranefndin ábyrgist húsaleiguna, samanber fund 8 Marz þ. ár. - Húsaleigan er 5 kr. um mánuðinn. -

16/6. ds. tilk. bæjargjaldkera. s. d. tilk. Magn. Þórð.

X 18. Nefndin samþykkti að Magnús Þórðarson sem verið hefur síðastliðið ár á Andersens skála fái bæ fátækrasjóðsins Eyjuholt á leigu frá síðastliðnum 14 maí, og skyldi formaður sjá um að hann væri fluttur í bæinn. Nefndin ákvað mánaðarleiguna 5 krónur, og heimilaði jafnframt að dittað væri að bænum ef þörf væri.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

16/6. '06. till. bæjargjaldkera.

x 19. Formaður skýrði frá að drengnum Haraldi Hanssyni Sigurðssyni hefði verið komið fyrir hjá Erlendi Jónssyni á Eiðsstöðum, hér í bæ, frá 14 Maí síðastl. gegn venjulegu barnsmeðlagi samanber fund 26 Apríl þ. ár.

15/6. '06. Andr. - x 20. Samþykkt að borga Guðm. Jafetssyni kr 9,00 sem vökukostnað í 3 nætur ~~fyrir~~ yfir stúlkunni Sig. Ólafsdóttur

x 21. Sigurður Guðmundsson Spítalastíg 4 B sækir um bæjarleyfi. Beiðninni frestað; Ól. Ól. lofar að útvega upplýsingar.

16/6. '06. skr. beiðanda. ~~til bæjarfógeta~~

x 22. Steffán Brynjólfsson frá Ekru á Rangárvöllum sækir um bæjarleyfi. Beiðninni frestað þar til þess beiðandi gjöri ítarlegri grein fyrir eigu sinni (Skuldlaus)

16/6. '06. till. Andrési s.d. bæjarfóg.

x 23. Andrjes Jónsson frá Brimnesstöðum sækir um bæjarleyfi. Leyfið veitt frá næstkomandi hausti.

16/6. '06. till. Guðjóni s.d. bæjarfóg.

x 24. Guðjón Jónsson Baldmann frá Búðardal í Dalasýslu sækir um bæjarleyfi. Leyfið veitt frá þessum tíma

16/6. '06. till. Þórði s.d. bæjarfóg.

x 25. Þórður H. Þórðarson Hollastöðum sækir um bæjarleyfi. Leyfið veitt frá þessum tíma.

16/6. '06. till. Guðm. s.d. bæjarfóg.

x 26. Guðmundur Guðlaugsson frá Einarshöfn á Eyrarbakka sækir um bæjarleyfi. Leyfið veitt frá þessum tíma.

16/6. '06 till. Ásg. s.d. bæjarfóg.

x 27. Ásgeir Ingimundarson sækir um bæjarleyfi Leyfið veitt frá þessum tíma.

16/6. '06. till. Ágústi s.d. bæjarfóg.

x 28. Ágúst Pálmason frá Langárfossi endurnýjar beiðni sína um bæjarleyfi: samanber fund 26 apríl Leyfið veitt frá þessum tíma.

16/6. '06. till. Helga s.d. bæjarfóg.

x 29. Helgi Jónsson frá Kelilstöðum endurtekur beiðni sína um bæjarleyfi. Leyfið veitt frá þessum tíma.

16/6 '06. till. Einari s.d. bæjarfóg.

x 30. Einar Einarsson frá Miðgörðum endurtekur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

beiðni sína um bæjarleyfi. Leyfið veitt fyrir þessum tíma.

X 31. Bjarni Þórðarson frá Kökskoti í Flóa sækir um bæjarleyfi. Málinu frestað til að nauðsynl. upplýsingar verði fengnar. 16/6. de skr. Bjarna.

Fleira ekki fyrir tekið og fundi slitið

Kristján Jónsson. Magnús Blöndahl

Kristján Þorgrímsson Ólafur Ólafsson Þorsteinn Þorsteinsson

Guðmundur Þorkelsson Bjarni Jónsson Jón Tómasson

Jón Eyjólfsson Samúel Ólafsson

Ár 1906, fimtudaginn 28. júní átti fátækranefndin fund með sjer, og voru þá þessi mál fyrir tekin. –

X 1º Samþykt var að borga Matthíasi Einarssyni 20 kr. reikning hans fyrir læknishjálp, veitta Guðfinnu heitinni Jónsdóttur, en hún lá á spítala á ábyrgð fátækrasjóðs. –

X 2º Formaður skýrði frá því, að hann hefði fyrir fátækrastjórnarinnar hönd orðið að láta taka upp heimili Kjartans Runólfssonar, daglaunamanns í Kaplaskjóli; og hirða þá. Bústýra hans, Þóra Björnsdóttir að nafni, sem er barnsmóðir hans, hefur verið lögð á Landakotsspítala fyrir reikning fátækrasjóðs. Hún á lögheimili sveitlæg í Kjalarneshreppi. Þau Kjartan eru eigi gift. 3 börn voru á heimilinu, á aldrinum frá 2–9 ára; elsta barnið, stúlka, hefur verið komið fyrir hjá Guðrúnu Högnadóttur ~~[illegible]~~ ~~[illegible]~~ Njálsgötu Nº 60; hvar meðlag er eigi enn ákveðið. Miðbarnið, drengur c. 6 ára, hefur verið komið fyrir hjá Sveini Guðmundssyni í Sveinsbæ (Kaplaskjóli) frá 26. þ. m.; ókveðið enn um meðlag. Yngsta barninu, sem er um 2ja ára, er komið fyrir hjá Árna Árnasyni í Kaplaskjóli frá 26. þ. m. fyrir 2 kr. 50 au. um vikuna. 2 yngstu börnin hefur Kjartan átt með áðurnefndri bústýru sinni, og eru þau þannig að öllum líkindum sveitlæg í Kjalarneshreppi; elsta barnið átti hann með annari konu, sem hann áður bjó með, en nú er dáin;

30/6. de skr. bæjarfógeta um börnin. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

um sveitfesti hennar er óvíst. Fátækranefndin samþykkti þessar ráðstafanir.—

X 3. Útaf erindi frá Jóhönnu Jónasdóttur, ekkju á Mýri, um aðgjörð á bæ þeim, sem hún býr í og er hennar eign, var Bjarna Jónssyni og Ólafi Ólafssyni falið að skoða bæinn, og athuga hvort nauðsynlegt sé og tilvinnandi að gjöra við hann.—

X 4. Bjarna snikkara Jónssyni var falið að skoða bæinn Holt..., og gefa álit um nauðsynlega viðgjörð á honum.—

X 5. Útaf erindi frá gamalmenninu (fædd 6/1.1831 = 75 ára) Guðrúnu Benediktsdóttur, Laugavegi 54, en hún þráir að vera komin á fátækraframfæri, var samþykkt að koma henni fyrir hjá Ólafi Gunnlaugssyni frá Ártúni, nú á Laugavegi, fyrir 8 kr. meðlag á mánuði frá 1. n. mán.

29/6.'06. tilkynnt bæjargjaldkera

X 6. Framlagt var erindi frá Jóhanni Árnasyni bóndi í Bjarnaborg er hann beiðist 25 kr. mánaðarmeðlags með dóttur sinni sleg-veikri; Jóhönnu. Fátækrafulltrúunum ~~Bjarna Jónssyni~~ Samúel Ólafssyni og Jóni Eyjólfssyni falið að tala við Jóhann og rannsaka heimilisástæður þar, áður þessu máli verði ráðið til lykta.—

X 7. Guðmundi Þorsteinssyni, gamalmenni, Laugavegi 18, veitt eptir beiðni hennar 5 kr. mánaðarstyrkur úr fátækrasjóði einu sinni fyrir tímabilið frá 1. þ. m. til ársloka.—

29/6.'06. tilk. bæjargjaldkera

30/6. tilk. Bjarna s.d. bæjarfógeta # 8. Bjarna Þórðarsyni frá Kví~~skor~~koti (sbr. síðasta fund No 31) veitt bæjarleyfi frá þessum tíma.—

30/6.'06 tilk. Sig. Guðm. s.d. tilk. bæjarfóg. # 9. Sigurði Guðmundssyni, Spítalastíg 48 (sbr. síðasta fund No 21) veitt bæjarleyfi frá þessum tíma.—

30/6.'06. tilk. Ketilbirni s.d. tilk. bæjarfóg. # 10. Ketilbirni Magnússyni frá Saurhóli í Dalasýslu veitt eptir beiðni hans bæjarleyfi frá þessum tíma.—

X 11. Jóhannes Jóhannesson, Grettisg. 57., sækir um bæjarleyfi frá þessum tíma.— Beiðninni frestað og Jóni Eyjólfssyni falið að rannsaka hag beiðanda.—

X 12. Jón Halldórsson frá Stein-Breiðu í Fljótum sækir um bæjarleyfi frá þessum tíma.— Beiðninni frestað, og formanni falið að útvega frekari upplýsingar um hag beiðanda; ennfremur var Bjarna Jónssyni falið að koma á heimili hans, og athuga heimilisástæður hans.

30/6.'06. svar Jóni Hall.

Fundi slitið.

Kristján Jónsson Ólafur Ólafsson Þorsteinn Þorsteinsson

Bjarni Jónsson Jón Tómásson Jón Eyjólfsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1906, 12. júlímán. átti fátækranefndin fund með sjer, og var þá þetta fyrir tekið. –

X 1. Framlagður var reikningur frá Sigurbjörgu Sigurðardóttur, að upphæð 3 kr., fyrir að hýsa og fæða Ólöfu Þorvaldsdóttur frá Oddgeirsnesi, þurfamann Stokkseyrarhrepps í 6 daga; reikningurinn var samþykktur. –

X 2. Samþykkt var að greiða Jóni Hannessyni í Kaplaskjóli 5 kr. fyrir viðurhald á 2 börnum Kjartans Runólfssonar í 5 daga, sbr. síðasta fund Nr. 2. –

X 3. Elsta barn Kjartans Runólfssonar, sbr. síðasta fund Nr. 2, heitir Ingigerður, á 10. ári; móðir þess var Guðrún Jónsdóttir, sem dáin, en álíst upprunnin úr Kjós og þar sveitlæg; barnið á því þar sveit, en það er fyrst um sinn meðgjafarlaust hjá Guðlaugi Hinriks-syni. – Næst elsta barn Kjartans er Sigurjón Þórbergur 6 ára; honum komið fyrir hjá Sveini Guðmundssyni í Steinsbæ, Kaplaskjóli, fyrir 2 kr. meðlag um vikuna. Yngsta barnið heitir Margrjet, á 2. ári; það er hjá Árna Árnasyni í Kaplaskjóli. Börnunum komið þannig fyrir frá 26. júní. Þessi 2 yngri börn eru sveitlæg í Kjalarneshreppi.

X 4. Samþykkt var að hækka meðlag með ómaganum Jóni Sigurðssyni Bjarnasonar, sem er hjá Runólfi Eiríkssyni, upp í 18 kr. um mánuðinn frá 1. þ. mánaðar að telja. — 13/7. 06. tilkynnt bæjargjaldkera. –

X 5. Jóhann Árnason bóndi í Bjarnaborg hefur sótt um meðlag úr fátækrasjóði með geðveikri dóttur sinni Jóhönnu (sbr. síðasta fund). Fátækranefndin ákvað, að leggja með stúlkunni fyrst um sinn 15 kr. á mánuði frá 1. þ. m. – 13/7. 06. tilkynnt bæjargjaldkera. –

X 6. Samkvæmt beiðni Jóns Jónssonar í Litluhólabrekku var samþykkt að lána honum sakir veikinda hans og örðugra kringumstæðna 100 kr. úr fátækrasjóði gegn veði í bæ hans Litlu-Hólabrekku og erfðafestu-landi hans þar í nágrenninu. –

X 7. Guðjón Jónsson frá Hóldanesi í Dalasýslu sækir um bæjarleyfi fyrir þessum bæ, og var honum veitt það. — 13/7. tilkynnt Guðjóni. s. d. do. bæjarfógeta. –

X 8. Jóhannesi Jóhannessyni, úr Andakíl, (sbr. síðasta fund Nr. 11), synjað um bæjarleyfi sakir fátæktar. – 13/7. 06. tilk. Jóh. Jóhannessyni.

X 9. Hallgrímur Þorkelsson frá Sandaósi sækir um bæjarleyfi frá 1. júlí

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þ. á. Beiðninni frestað til þess að fengin verði skýrsla um efnahag beiðanda. — 13/7. skr. Markúsi Þorsteinssyni fyrir hönd beiðanda. —

X 10. Samúel Guðmundsson frá Landakoti, Laugaveg No. 62, sækir um bæjarleyfi. Beiðninni frestað, og Samúel Ólafssyni falið, að útvega skýrslu um efnahag beiðanda. —

Fleira ekki fyrir tekið; fundi slitið.

Kristján Jónsson. Ólafur Ólafsson

Guðmundur Þorkelsson Jón Tómasson Jón Eyjólfsson

Samúel Ólafsson

Ár 1906 hinn 26. júlí, átti fátækranefndin fund með sjer, og voru þessi mál tekin fyrir:

X 1. Fátækranefndin ákvað, að láta rannsaka það til hlýtar hvar Hafliði Bjarnason prentari er sveitlægur, með því að tjeður Hafliði liggur á Landakots-spítala í lækningu á ábyrgð fátækrasjóðs. — 28/7. 06. skr. bæjarfógeta beðið um rannsókn. —

X 2. Formaður skýrði frá því, að hann hefði komið Árna Jóhannessyni bókbindara fyrir hjá Guðmundi Magnússyni frá Elliðakoti frá því í fyrradag fyrst um sinn til hausts fyrir meðlag er eigi fari fram úr 1 kr. á dag, þetta var samþykkt af fátækranefndinni.

X 3. Útaf erindi frá Þorkeli Ólafssyni múrara um styrk í lausafarinu úr fátækrasjóði alltað 200 krónur sakir veikinda, og bágborinna kringumstæða, var Samúel Ólafssyni falið, að tala við Þorkel um þessa beiðni hans, og rannsaka heimilisástæður hans, og gefa svo nefndinni skýrslu þar um á næsta fundi.

X 4. Árni Gíslason frá Rauðarhúsi sækir um bæjarleyfi frá þessum tíma. Beiðninni frestað til þess, — 28/7. 06 skr. Árna.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að beiðandi gefi ítarlegri upplýsingar um efnahag sinn, heilsufar, og aldur barnsins, og s. frv.

X 5. 28/7.06. tilk. Samúel. Samúel Guðmundsson frá Sandárkróki sækir um bæjarleyfi; ~~samkvæmt~~ sbr: ~~samþ.~~ sæ[kir]. tölulið 10 á síðasta fundi. Nefndin synjaði um leyfið tilsvar[?] kortsbeiðanda.—

# 6. Guðbergur G. Jóhannsson frá Hafnarfirði sækir um bæjarleyfi frá þessum tíma, og var leyfið veitt. 28/7. tilkynnt Guðbergi s. d. skr. bæjarfógeta og tilk.

X 7. áritað 28/7.06. Samþykkt var, að greiða Matthíasi Einarssyni lækni 20 kr. veittaing hans úr fátækrasjóði fyrir læknishjálp veitta syni Hallgríms Sveinbjarnarsonar.

Frekara ekki fyrir tekið; fundi slitið.

Kristján Jónsson  Kristján Þorgrímsson  Ólafur Ólafsson
Þorsteinn Þorsteinsson  Jón Tómasson  Samúel Ólafsson

Ár 1906, fimmtudaginn 9. ágústmán., átti fátækranefndin fund með sér, og var þetta þá fyrir tekið:

# 1. 10/8.06. tilkynnt bæjargjaldkera. Formaður skýrði frá því, að heimili Kristjáns Hróbjartssonar þurfamanns í Kothúsum hefði orðið að taka upp sökum heilsuleysis bústýru hans. Hún, bústýran Sigríður Þorláksdóttir hefur verið lögð á spítala fyrir reikning fátækrasjóðs, en Kristjáni Hróbjartssyni hefur verið komið fyrir hjá Guðmundi Guðmundssyni, Ísfirðingi[?], Grettisg., fyrir 20 kr. um mánuðinn frá byrjun þessa mánaðar. Þessar ráðstafanir samþykkti nefndin. — Samþykkt var að rita bæjarfógeta ~~og~~ beiðni um að hann láti skrifa upp eigur þessara 2ggja þurfalinga, og selja eigur Kristjáns að minnsta kosti, þar á meðal eignina Kothús, til inntektar fyrir fátækrasjóð. — 10/8.06. skr. bæjarfógeta; send bankabók Sigríðar (220 kr.). —

# 2. 10/8.06 tilk. bæjargjaldkera. Formaður skýrði frá því, að fátækranefndin hefði orðið að koma fyrir ungbarni, Láru Jónínu, sem fæddist í júnímánuði þ. á. Móðir barnsins er Helga, dóttir Magnúsar Pálssonar múrara, sem [illegible], bjó á Laugavegi 27, þegar hún átti barnið; hún hefur lýst föður Jóhannes Proppé, verzlunarmann á Þingeyri. Meðlag með barninu, sem komið hefur verið fyrir hjá Magnúsi Magnússyni múrara á Grettisg. 33 B, er 80 kr. um árið frá 1. júlí þ. á. — Ákveðið var að leita aðstoðar bæjarfógeta til þess að fá meðlag með barni þessu frá föðurnum. — 10/8.06. skr. bæjarfógeta um að krefja barnsföðurinn. —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

X 3. Bjarni Jónsson snikkari hefur þurkað bæinn Holtskot, og var nú eptir ósk hans samþykkt að gjöra hið nauðsynlegasta við bæinn, og var Ólafi Ólafssyni falið að gjöra það. Jafnframt hjelt nefndin í ljósi, að æskilegt væri að kotið með lóðinni væri selt, og vilja nefndarmenn hver í sínu lagi hafa það hugfast, og leitast við að koma kotinu út fyrir viðunanlegt verð.—

X 4. Útaf styrkbeiðni frá Dagfinni Jónssyni á Brúarenda var samþykkt, að láta lækni sem fyrst rannsaka heilsufar Dagfinns, svo að úr því verði skorið, hvort ástæða sje til að hann fari á holdsveikisspítalann; að öðru leyti var formanni falið að veita konum og heimili hans nauðsynlegan styrk í samráði við fátækrafulltrúann Jón Tómasson.—

X 5. Eptir skýrslu Samúels Ólafssonar um heimilishag Þorvalds Ólafssonar múrara, Stíg: er sótti fund, samþykkti nefndin að heimila formanni að veita Þorvaldi nauðsynlegan styrk til framfærslu heimilis hans, en að öðru leyti sje heimili hans látið standa óhreyft og óraskað að sinni.—

X 6. Ásbjörn Sigurðsson á Akranesi sækir um bæjarleyfi: Beiðninni frestað, til þess að fengin sje skýrsla beiðanda um lausafjáreign hans og skuldir.— 10/8.06. skr. Ásbirni um þetta.—

X 7. Jón Jónsson, Laugaveg 62, sækir um bæjarleyfi: Beiðninni frestað til þess að beiðandi gjöri grein fyrir eignum og skuldum sínum, þeim en hann hefur gjört, svo og fyrir heimilishag sínum, heilsufari og s. fr. 10/8.06 skr. beiðanda.—

X 8. Vilborg Pjetursson frá Pálshúsum sækir um bæjarleyfi frá næsta hausti— 10/8.06. tilk. bæjarfógeta. nóttum. Leyfið veitt.—

10/8.06. tilk. Vilborgu.

Fundi slitið.—

K. Zimsen. Þorsteinn Þorsteinsson Ólafur Ólafsson

Samúel Ólafsson Bjarni Jónsson Jón Tómasson

Ár 1906, hinn 23. ágúst, átti fátækranefndin fund með sjer, og var þá þetta fyrir tekið:

X 1. Var samin og samþykkt svohljóðandi áætlun yfir tekjur og gjöld fátækrasjóðsins fyrir næsta ár 1907.:

25/8. tilk. bæjarfógeta.

**Tekjur**

| | | |
|---|---|---|
| a. | Tillag af fasteign | Kr. 45,00 |
| b. | D° " lausafje | 120,00 |
| c. | Hundaskattur | 20,— |
| d. | Endurgjald frá innanbæjarþurfamönnum | 1200,00 |
| e. | D° frá öðrum sveitum | 800,— |
| | | = 2185,— |

**Gjöld**

| | | |
|---|---|---|
| a. | Til sveitarómaga | Kr. 8000,00 |
| b. | " þurfamanna | 8500,— |
| c. | Greptrunarkostnaður | 300,— |
| d. | Lögflutningur þurfamanna | 150,— |
| e. | Ýmisl. útgjöld (þar í fátækl. lyf) | 1000,— |
| f. | Lán til utansveitarmanna | 1000,— |
| | | = 18950. |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

X 2. Formaður skýrði frá, að ómaganum Jórunni Bjarnadóttur hefði verið komið fyrir frá 14. maí þ. á. hjá Valdemar Guðmundssyni, Laugaveg 67 fyrir 12 kr. um mánuðinn. Fátækranefndin samþykkti þessa ráðstöfun. —

25/8. tilk. bæjargjaldkera.

X 3. Samþykkt af nefndinni, að koma þurfamanninum Guðrúnu Guðmundsdóttur (á Bergi) fyrir sem ómaga hjá Hinriki Gíslasyni í Grænuborg frá 1. okt. næstkomandi fyrir 12 króna meðlag um mánuðinn.

25/8. tilk. bæjargjaldkera.

X 4. Nefndin veitti Vilborgu Rögnvaldsdóttur á Sólheimum 21 kr. styrk til steinolíu-kaupa, sem hún hefur sótt um. — 30/8.'06. Ávísað.

X 5. Nefndin samþykkti reikning frá uppboðshaldaranum yfir sængurföt, keypt á almennu uppboði 21. maí síðastl. til handa ómaganum Diðriku Hölter, og er upphæð reikningsins kr. 5,78 aur. Fátækrafulltrúi Samúel Ólafsson hafði séð um þessi kaup. — 25/8.'06. Reikningurinn sendur bæjarfógeta.

X 6. Eptir að hafa fengið álit holdsveikislæknisins um Dagfinn Jónsson á Brúarenda, ákvað nefndin að láta hann fara á holdsveikraspítalann um næstkomandi mánaðamót, og jafnframt var formanni falið að útvega heimilið eptir þörfum.

X 7. Formaður skýrði frá, að óhjákvæmilegt hefði verið að koma fyrir fyrir reikning fátækrasjóðs 2 yngri börnum Þorkels Ólafssonar snikkara. Börnin eru: Ólafur Þorkelsson, 7 vikna gamall, komið fyrir hjá Sigurði Ólafssyni (Þí-Butru), Laugaveg 44, frá 15. þ. m. fyrir 12 kr. mánaðarlega; og Guðmundur Þorkelsson, 5 ára, komið fyrir hjá Magnúsi Magnússyni, vagnmanni, Njálsg. 25, fyrir 8 kr. um mánuðinn frá 15. þ. m. — Þorkell Ólafsson, sem nú er svo veikur, að hann getur ekkert unnið, er skilinn að samvistum við konu sína, og hefur hún eitt barn þeirra hjá sér, en eitt barn þeirra er í Vestmannaeyjum hjá frændfólki konunnar. — Nefndin samþykkti þessa ráðstöfun. —

25/8. tilk. bæjargjaldkera.

X 8. Samþykkt var af nefndinni að hækka meðlag með barninu Önnu Margrjeti Sigríði Carlsson úr 80 kr. upp í 100 kr. um ~~mánuðinn~~ árið frá 1. þ. m. eptir beiðni Jóns Jónssonar í Ananaustum, þar sem barnið nú er. —

25/8. tilkynnt bæjargjaldkera.

X 9. Samkvæmt beiðni frá Sigurði Kr. Guðmundssyni var samþykkt, að gjöra við þakið á húsi hans við Hverfisg., sem er eign fátækrasjóðs, og var Ólafi Ólafssyni falið að framkvæma viðgjörðina sem kostnaðarminnst fyrir fátækrasjóð.

X 10. Sigríður Einarsdóttir þurfamaður sækir um 20 kr. styrk úr fátækrasjóði.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

til matarkaupa. – Málinu frestað til þess að Davíð Jóhannesson fá-
tækrafulltrúi tali við Sigurð; athugi hagi hennar, og gefi svo álit
sitt um þörf hennar.

H/ 11. Samúel Guðmundsson frá Sauðárkróki endurnýjar beiðni sína um bæjar-
leyfi, sbr: fund 26. f. m. tl. 5. Nefndin getur eigi sinnt þessari
ítrekuðu beiðni, með því að engar ábyggilegar upplýsingar um eignir beiðanda
fylgja henni. –

25/8.06 tilkynnt Samúel.

X/12. Helgi Sigurðsson, Hverfisg. 30, sækir um meðlagsstyrk með drengnum
Júlíusi Rannverssyni, syni tengdamóður hans: Beiðninni frestað, og Jóni
Egilssyni falið að rannsaka atriði þessa máls, aldur drengsins,
hvar hann er sveitfastur, hvort faðir hans er á lífi o. s. frv.

X/13. Anna Gísladóttir frá Hafnarfirði veitt samkvæmt umsókn hans
bæjarleyfi hjer í bæ frá þessum tíma. sbr: fund 26. f. m. –

25/8.06 tilk. Önnu. Till. 3. d. bæjarfógeta.

X/14. Stefán Einarsson frá Þórðarstöðum í Grímsnesi sækir um bæjar-
leyfi frá næstkom. haustriðum; beiðninni frestað til þess
að ~~beiðninni~~ beiðandi gefi vantandi upplýsingar um
efnahag hans. –

25/8.06 sk. Stefáni.

X 15. Helgi ~~Helgatsðun~~ Helgason vinnumaður Vitastíg 8 sækir um
bæjarleyfi frá næsta haust. Beiðninni frestað, og Samúel
Ólafssyni falið að rannsaka efnahag beiðanda. –

X 16. Beiðni Ásbjarnar Sigurðssonar frá Akranesi um bæjarleyfi enn frestað,
sbr. fund 9. f. m. Samúel Ólafssyni nú falið að leita þeirri
upplýsinga um beiðanda og efnalegan hag hans. –

X 17. Kristján Vídalín Brandsson frá Kjalvík á Akranesi sækir um bæjarleyfi
frá næsta haustriðum; leyfið veitt. – 25/8.06. till. bæjarfógeta.

25/8.06 till. Kristjáni.

X 18. Jóni Jónssyni frá Sauðárkrók, Laugaveg 62, veitt bæjarleyfi frá þess-
um tíma samkvæmt beiðni hans, sbr: síðasta fund. – 25/8.06. tilkynnt bæjarfógeta

25/8.06 tilkynnt J. J.

X 19. Jón Scheving, áður vinnumaður hjá Páli Matthíassyni, sækir um
bæjarleyfi frá þessum tíma. Beiðninni frestað, og Guðm. Þorkels-
syni falið, að tala við beiðanda, rannsaka hag hans og efni,
og tjá nefndinni það á næsta fundi. –

X 20. Dagbjörg Guðjónsdóttir frá Patreksfirði sækir um bæjar-
leyfi frá þessum tíma. Leyfið veitt. –
25/8.06. tilk. bæjarfógeta.

25/8.06 till. Dagbjörgu.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

X 21. Oddbergur Oddsson frá Mýrarhúsaskóla sækir um bæjarleyfi
25/8. '06. sm. Oddbergi. frá 1. n. mán. – Leyfið veitt Oddbergi, svo framarlega hans giptist bústýru og barnamóður sinni; Hólmfríði Jónsdóttur. –

X 22. Björn Líndal frá Valdarási sækir um bæjarleyfi frá þessum tíma. – Málinu frestað, og Guðmundi Þorkelssyni falið að útvega nægilegar upplýsingar um efnahag og aðrar kringumstæður beiðanda. –

X 23. Arinbjörn Sveinbjarnarson bókbindari sækir um lausn frá fá-
25/8. '06. sm. bæjarfógeta. tækrafulltrúastarfinu. Nefndin vill eptir atvikum leggja það til, að lausnin verði veitt, og jafnframt leggur hún það til, að steinsmiður ~~Magnús G.~~ Jónas Guðbrandsson, Bergstaðastræti (Brennu) verði skipaður fátækrafulltrúi í stað Arinbjarnar. –

Þá fundi slitið.

Kristinn Jónsson Ólafur Ólafsson Guðmundur Þorkelsson
Bjarni Jónsson Jón Tómasson Jón Eyjólfsson
Samúel Ólafsson

Árið 1906 fimmtudaginn hinn 13 September átti fátækranefndin fund með sjer. – Voru þessi málefni tekin fyrir:

# 1° Að gjöra tillögur um kennslustyrk úr Thor-
14/9. '06. Afgreitt til bæjarfógeta. –
killiis barnaskólasjóði. – Eptirnefnd börn voru
#/ tilnefnd af hálfu nefndarinnar með ráði ~~at~~ dómkirkjuprestsins og fríkirkjuprestsins.

1. Guðmundur Jensson Hlíðarhúsum – – 13 ára
2. Sigurður Guðmundsson, snikkara Bergstaðastræti: 26. – 10 – –
3. Hafsteinn Bergþórsson, Skipstjóra – – – – 13 – –
4. Axel Jónsson Mörk – – 12 – –
5. Alexander Þórarinsson Lindargötu 21 – – 13 – –
6. Ásta Valgerður Ásmundsdóttir Stóra seli – – – 13 – –
7. Hannes Friðsteinsson, Valgarðsbæ – – – – 13 – –
8. Einar Pjetursson Hansbæ – – – 13 – –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

9. Gróa Þórarinsdóttir Selsholti — — — 12 ára
10. Jón Símonarson, Hala — — — 12 —
11. Margrjet Ásmundsdóttir Vesturgötu 50. — — 12 —
12. Haraldur Þórðarson Breiðfjörð sótare — — 12 —
13. Lilja Guðmundsdóttir Ananaustum — — 13 —
14. Arrebo Clausen, Tjarnargötu — — — 12 —
15. Ólína Ágústa Jónsdóttir (Selsholti) Brunnholti — 12 —
16. Guðríður Sigurbjörnsdóttir, Brunnholti — — 12 —
17. Guðrún Emelía Einarsdóttir Vesturgötu 53 B. — 13 —
18. Magnús Árnason, Vesturgötu 53 B. — — 12 —
19. Alfreð Jónsson Laxdal, Sellandi — — 12 —
20. Sigurlína Ebenezardóttir Helgasonar — — 13 (12) —
21. Erlendur Runólfsson ~~Helgasonar~~ Runólfssonar — 11 —
22. Karl. Óskar Bjarnason, Klapparstíg — — 4 —
23. Steinunn Þorvarðardóttir Stóragerði — — 11 —
24 Laufey Árnadóttir, Haustið (Bakkastíg) — — 10 —
25 Regína Guðrún Jónsdóttir Skildakoti — — 12 —
26. Aðalsteinn Björnsson Sveinssonar Skipsstjóra — 9 —
27. Páll Ágúst Pálsson Hafliðasonar skipstjóra — 12 —
28 Einar Ragnar Ólafsson Petersen Bókhlöðustíg — 9 —
29 Guðmundína Kristjánsdóttir Vitlusundi 3 — 11 —
30. Sesselja Hansdóttir Guðmundssonar Smiðjustíg — 12 —
31. Jón Vilhjálmur Þorsteinsson, Laugavegi 38 B. — 11 —
32. Anna Jónsdóttir, Pálshúsum — — 10 —
33. Sigurður Sveinsson Jónssonar Vesturgötu 50. — 11 —
34 Þuríður Guðrún Þórðardóttir, Brekkuholti — — 10 —
35. Guðbjörn Pálsson Hafliðasonar, Skipstjóra — 9 —
36. Ingibjörg Gróa Sveinbjörnsdóttir, Sauðagerði — 11 —
37. Ágústa Einarsdóttir, Háholti — — — 10 —
38. Bjarni Ragnar Árnason, Vesturgötu 53 B. — 10 —
39. Sigríður Sigurðardóttir Pjetursonar lögreglup. — 8 —
40 Herluf Clausen Tjarnargötu — — 10 —
41. Ingibjörg Gunnarsdóttir Björnssonar — — 12 —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

+ átti að vera: Jóunni Þórey II: d:, 9 ára. – Kr. J.



42. Rósa Jónsdóttir (Runólfssonar) Stöðlakoti — 10 ára
43. Guðmundur Edvard Árnason Laugaveg 53 B — 9 —
44.+ Guðrún Magnúsdóttir Pálssonar Laufásvegi — 10 —
45. Gíslína Björg Ólafsdóttir Bakka — — 10 —
46. Hindrik Jörundur Sveinsson Hansbæ — 10 —
47. Eiríkur Helgi Eiríksson Eiríksbæ — 11 —
48. Karólína Laufey Einarsdóttir Háholti — 8 —
49. Gunnar Valdimar Þórðarson Bakkaholti — 8 —
50. Þorgils Guðmundur Einarsson frá Melkinesi 10 —
51. Viktor Kristinn Helgason Skipholti — — 11 —
52. Ástríður Jónsdóttir Eyðsstöðum — — 11 —
53. Kristín Guðmundsdóttir Péturssonar Brunnstíg — 11 —
55. ~~54.~~ Guðmundur Jónsson Hindrikssonar Klöpp — — 12 —
54. ~~55.~~ Einar Valgeir Einarsson Lágholti — — 9 —

Jóhann Þorkelsson Ólafur Ólafsson

H 2. Samþykkt var að leigja Hindrik Halldórssyni Smiðjustíg 4. bæinn Kastalann frá 1 october þ. á. til 14 Maí næstkomandi; fyrir 5 krónur á mánuði.

14/9. 06. Tilk: bæjarfógeta. s. d. tilkynnt bæjargjaldkera.

H 3. Samþykkt var að útvega Kristjönu Guðmundsdóttur Guðbrandssonar sem hefir verið í barnahælinu í sumar húsnæði frá 1 october næstk. fyrir reikning fátækrasjóðsins, og var Davíð Jóhannessyni falið að útvega henni húsnæði.

H 4. Beiðni Þorkels Ólafssonar um fátækrastyrk til að greiða húsaleigu til Baldurs snikkara Benediktssonar samtals Kr 21,00 var neitað.

14/9. 06. Skrifað Þorkeli Ólafssyni.

+ 5. Sigurður Ólafsson frá Butru, getur eigi lengur haldið barn Þorkels Ólafssonar, Ólaf Þorkelsson samkv. fund 23 Ágúst síðastl. tölulið 7. og var Samúel Ólafssyni falið á hendur að koma barninu fyrir.

H 6. Ingunni Sigvaldadóttur gamalmenni, móður Ólafs Kristins Sigurðssonar hefir verið komið fyrir hjá [illegible] Ingvari Nikulássyni Laugaveg frá 1 September fyrir 12 krónur

14/9. 06. Tilk. bæjargjaldkera.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

meðlag um mánaðinn.

14/9. 06. tilkynnt bæjargjaldkera. #7. Eftir beiðni Margrétar Benjamínsdóttur, ~~Einarsdóttur~~ konu Þorvaldar Einarssonar var samþykkt að veita henni 4 krónu húsaleigustyrk um mánaðinn frá 1 næsta mánaðar, en áður hafa þau haft 3 krónur um mánaðinn.

14/9. 06. tilkynnt bæjargjaldkera. #8. Eftir beiðni Þórðar Þorkelssonar var samþykkt að veita honum 5 krónu húsaleigustyrk frá 1. næsta mánaðar til 14 maí næstkomandi.

#9. Útaf erindi frá Haraldi S. H. Jónssyni Grettisgötu 53. um að fátækranefndin útvegi honum atvinnu í vetur, var nefndarmanni Þorsteini Þorsteinssyni falið að tala við hann, er hann komi heim, og benda honum á hvar hann geti fengið vinnu.

#10. Þurfamanninum Sigríði Einarsdóttur, veitt eftir beiðni hennar 20 krónur til að kaupa fyrir kjöt, slátur og Olíu, og var Davíð Jóhannssyni falið að annast um kaup á þessu fyrir hana.

14/9. 06. skr. bæjarfóg. [illegible] #11. Í tilefni af beiðni ekkjunnar Jóhönnu Jónsdóttur á Mýri fyrir vestan bæ og eftir tillögum fátækrafulltrúa Bjarna Jónssonar sem hefir rannsakað málið, var samþykkt að hjálpa greindri ekkju með lánveitingu til að kaupa 1/4 hluta af bænum Mýri með lóð af Jóni Oddssyni Gíslabæ fyrir 100 krónur. Tekur fátækrasjóður svo veð í eigninni fyrir láni því er ekkjan hefir fengið.

14/9. 06. till. Þórunni s. d. till. bæjarfóg. #12. Þórunn Jónsdóttir ekkja frá Mjóafirði sækir um bæjarleyfi frá þessum tíma. Leyfið veitt.

14/9. 06. till. Sigurði s. d. till. bæjarfóg. #13. Sigurður Símonarson frá Austurlandeyjum sækir um bæjarleyfi frá þessum tíma. Leyfið veitt.

14/9. tilkynnt Stefáni s. d. till. bæjarfóg. #14. Steffán Brynjólfsson frá Ekru sækir um bæjarleyfi frá 1 September; Leyfið veitt.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

14/9. ol. tilk. Jóni s. d. tilk. bæjarfjó.

X 15. Jón Þórðarson frá Hörgsholti sækir um bæjarleyfi frá þessum tíma. Leyfið veitt.

X 16. Ingjaldur Þórðarson frá Blöndaholti í Kjós sækir um bæjarleyfi; Umsókninni frestað vegna vantandi skylrítis, og Jónasi Guðbrandssyni falið að leita upplýsinga hjá nefndum manni.

14/9. ol. tilk. Grími s. d. tilk. bæjarfjó.

X 17. Grímur Hjeraníasson í Keflavík sækir um bæjarleyfi frá þessum tíma; Leyfið veitt.

14/9. ol. tilk. Páli s. d. tilkynnt bæjarfóg.

X 18. Páll Erlingsson sundkennari sækir um bæjarleyfi frá þessum tíma; Leyfið veitt.

14/9. ol. tilk. Steffáni s. d. tilkynnt bæjarfógeta.

X 19. Steffán Björnsson frá Bryggjum í austur-Landeyjum, sækir um bæjarleyfi frá þessum tíma; Leyfið veitt.

14/9. ol. tilk. Helga s. d. tilkynnt bæjarfógeta.

X 20. Helgi Helgason vinnumaður ~~frá~~ á Vikeskóg, sækir um bæjarleyfi frá 1 þ. m. samanber síðasta fund; Leyfið veitt.

14/9. ol. svar. Ásbirni s. d. tilk. bæjarfógeta.

X 21. Ásbjörn Sigurðsson frá Melbæ á Akranesi endurtekur beiðni sína um bæjarleyfi frá þessum tíma; Leyfið veitt.

X 22. Jón Skefing frá Kollafirði sækir um bæjarleyfi frá þessum tíma, samanber fund 23 Ágúst. Beiðninni frestað enn til frekari upplýsingar en áður.

X 23. Björn Líndal frá Valdeasi í Víðidal sækir um bæjarleyfi frá þessum tíma; ~~Leyfið~~ Beiðninni frestað, og Guðmundi Þorkelssyni falið að fá fullar upplýsingar um eiger hans.

14/9. ol. svar. Samúel.

X 24. ~~Sam~~ Ítrekaði beiðni Samúels Guðmundssonar frá Sauðárkrók um frestað til þess að beiðandi taki inneign sína í Sparisjóði í Íslands banka

14/9. ol. tilk. Kr. Tómassyni s. d. tilkynnt bæjarfógeta.

X 25. Kristinn Tómasson norskur maður sækir um bæjarleyfi frá þessum tíma; Leyfið veitt.

Með því eigi var fleira

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

verkefni, var fundi slitið.

Kristinn Jónsson. Magnús Blöndahl

Kristján Guðmundsson Ólafur Ólafsson

Þorsteinn Þorsteinsson Guðmundur Þorkelsson

Bjarni Jónsson Samúel Ólafsson Jón Tómasson

Ólafur Pjetursson Davíð Jóhannesson Jón Eyjólfsson

Jónas Guðbrandsson Þórður Narfason

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur